

# Brimnes, Dysnes og Bakki


Frumkönnun á fornleifum á þremur iðnaðarlóðum á Norðurlandi 2005

**FS272-05251**

**Adolf Friðriksson**

**Reykjavík 2005**





© Fornleifastofnun Íslands 2005

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)

## Efni

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>FRAMKVÆMDIR OG FORNLEIFAR</b> .....	<b>5</b>
<b>FORNLEIFAKÖNNUN</b> .....	<b>6</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>12</b>
<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>17</b>
<b>ENGLISH SUMMARY</b> .....	<b>18</b>
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>19</b>
<b>FORNLEIFASKRÁR</b> .....	<b>21</b>

## Inngangur

Að ósk HRV gerði Fornleifastofnun Íslands úttekt á fornleifum á þremur stöðum á Norðurlandi í október 2005. Var úttektin liður í undirbúningi við val á iðnaðarlóð undir fyrirhugað álver og nær athugunin til fornleifa í landi Brimness í Viðvíkursveit í Skagafirði, landsvæði á og við Dysnes í Arnarneshreppi í Eyjafirði og við Héðinsvík og Bakkahöfða á Tjörnesi í S-Þingeyjarsýslu. Ekki var farið í vettvangsferðir og sú skýrsla og meðfylgjandi skrár sem hér eru birtar eru ekki tæmandi, heldur almenn úttekt, frumkönnun, sem byggist eingöngu á athugun á fyrirliggjandi upplýsingum.

Í skýrslunni er fyrst farið nokkrum almennum orðum um löggjöf varðandi framkvæmdaundirbúning og lögbundna skilgreiningu á fornleifum. Þá er gert grein fyrir stöðu fornleifaskráningar á svæðunum þremur, gefið yfirlit yfir minjar innan þeirra reita sem hafa verið lauslega afmarkaðir sem lóðir fyrir væntanlegt álver, og lagt mat á áhrif framkvæmda. Í niðurstöðukafla er gerður samanburður á stöðunum þremur og leitast við að meta kosti og galla staðarvals með hliðsjón af hagsmunum framkvæmdaaðila og fornleifaverndar. Helstu efnisatriði eru tilgreind í sérstakri samantekt aftan við skýrsluna, og í viðauka eru heildarskrár yfir fornleifar á þeim jörðum sem iðnaðarlóðirnar ná til. Minjanúmer í megintexta vísa til skráarinnar í viðauka.

## Framkvæmdir og fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein Þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar : “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.” Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 (m. síðari br. sbr. nr. 106/2000 og 74/2005) einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda skv. nýju skipulagi gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum (16. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögunum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við úttektina, á sama hátt og gert er við almenna

fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornlífum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Algengt er að staðir komi í ljós við vettvangsrannsókn, en ekki fullljóst hvort um fornleifar er að ræða eða ekki. Eru þeir látnir njóta vafans og færðir á fornleifaskrá, enda mjög óheppilegt ef minjar finnast við jarðrask í upphafi framkvæmda. Veldur það töfum og kostnaði fyrir framkvæmdaaðila auk þess sem minjastaðir spillast og aðilar fornleifavörslu eru knúnir til að gera skyndirannsókn og jafnvel hefja stórfelldan björgunaruppgröft með skömmum fyrirvara.


Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: fornleifar eru þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist þar óvænt við jarðrask.

## **Fornleifakönnun**

### *Brimnes í Viðvíkursveit*

Reitur undir fyrirhugaða iðnaðarlóð nær yfir vesturhluta jarðarinnar Brimness í Viðvíkursveit. Aðalskráning fornleifa (vettvangsskráning) hefur ekki farið fram í Viðvíkursveit og því liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um fornleifar í héraðinu. Fornleifastofnun Íslands stóð fyrir sérstakri skráningu á kumlum þar árið 2002, sem fól m.a. í sér vettvangsferð um Brimnes. Haustið 2005 gerði Fornleifastofnun svæðisskráningu fyrir allar þekktar fornleifar í landi Brimness og Bakka, í tilefni af staðarvali fyrir álver. Afrakstur svæðisskráningarinnar er birtur í heild í viðauka. Samkvæmt niðurstöðum svæðisskráningar eru 29 þekktar minjar í landi Brimness. Að fenginni reynslu víða á landinu mætti ætla að þekktum fornleifum fjölgaði um 20% ef einnig væri gerð vettvangskönnun á þessum jörðum.

Takmörk fyrirhugaðrar iðnaðarlóðar liggja frá Bátagili og norður með strönd Brimneslands út að Stekkjargili og nærri merkjum milli Brimness og Viðvíkur. Reiturinn



samsvarar u.þ.b. eins km langri ræmu með sjávarsíðunni.

Aðalminjasvæðið í Brimnesi er bæjarstæði Brimnesbæjar og næsta nágrenni þess (minjar nr. SK-277:001-015, 027, 028), en það er um 500 m suðaustan við lóðarmörkin. Dálítið nærri reitnum eru Grænutóttir (021), Geitagerði (022), mylla (018) og Grundarstaðir (019).

Eftirtaldir staðir lenda hinsvegar við reitinn eða innan hans: kumlateigur (SK-277:016), stekkur (017), Kolkósvegur (020), varða (023), og Miðvegur (024).

Alls eru því um 5 minjar í Brimnesi sem liggja innan áhrifasvæðis mögulegra framkvæmda.

Mynd 1. Minjar hjá Brimnesi í Viðvíkursveit

### Dysnes og nágrenni

Aðalskráning fornleifa hefur ekki verið unnin fyrir Arnarneshrepp í Eyjafirði, hinsvegar liggur fyrir margvísleg skráning í hreppnum. Náttúrugripasafnið á Akureyri tók saman yfirlit yfir fornleifar og náttúrufar á vesturströnd Eyjafjarðar árið 1982, Þjóðminjasafn

skráði allnokkrar fornleifar á vettvangi í hreppnum 1985 og Fornleifastofnun Íslands gerði svæðisskráningu þar 1996.

Fyrirhuguð iðnaðarlóð í Eyjafirði nær u.þ.b. til fjögurra jarða, m.v. skiptingu þeirra samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847, þ.e.a.s. Syðri-Bakki, Ós, Pálmholt og Hvammur. Búland, Litli-Bakki, Sjávarbakki, Gilsbakki, Sjávarbakki og fleiri býli hafa síðar byggst út úr þessum jörðum. Verður nú greint frá þeim minjum sem kunnugt er um á svæðinu, réttisælis frá norðurbrún lóðarinnar.



*Mynd 2. Fornleifar hjá Dysnesi í Arnarneshreppi*

*Fornleifar í landi Syðri-Bakka.* Í landi Syðri-Bakka er kunnugt um 26 fornleifar, þar af 2 friðlýstar en aðrar njóta almennrar friðunar samkvæmt þjóðminjalögum. Helsta minjasvæði norðantil á svæðinu er sjálft bæjarstæði Syðri-Bakka ásamt útihúsum (Ey-071:001 til 005) og margvíslegum öðrum landbúnaðarminjum (013-017, 021). Minjarnar eru um 800 norðan við fyrirhugaða iðnaðarlóð og utan áhrifasvæðis hennar. Bakkagerði



(Ey-071:019), er mun nær, eða um 3-400 m norðan við lóðina. Það var stofnað 1870, en síðar reistur þar sumarbústaður og óvíst um afdrif minjanna. Í landi Syðri-Bakka eru friðlýstar leifar eyðibýlisins Miðbakka (Ey-071:006) og tvær tóftir (Ey-071:007) sunnan undir Bjarnarhóli. Báðir þessir staðir eru norðan við bæinn í Syðri-Bakka og vestan Bakkavegar og því fjarri lóðinni. Bjarnahóll (Ey-071:008) er samkvæmt munnmælum fornmannahaugur, en hann er langt frá svæðinu.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er nefnt gerði með tóftaleifum, “þrælsgerði” (EY-071:018), í landi Syðri-Bakka, en ekki getið hvar í landinu það er.

Innan lóðar eru a.m.k. 5 staðir þar sem líklegt er að minjar sé að finna. Ekki liggja fyrir nákvæmar athuganir á þessum stöðum, en samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru þeir svotil í hnapp við Dysnes. Um 40 m norðan við nesið er tóft sem gæti verið leifar verbúðar (Ey-071:022) Örnefnið Dysnes (EY-071:009) gefur til kynna að þar sé dys eða dysjar, og segir í örnefnalýsingu fyrir S-Bakka að mannabein hafi fundist þar. Gæti því verið að þar séu leifar kumls eða kumlateigs úr heiðni. Sunnan Dysjarness er Pollnaustavík (Ey-71:011) og tóft þar hjá. Skammt sunnan við víkina er Bygghóll (Ey-71:010), og má vera að örnefnið vísi til e.k. ræktunar, eða þá óvenjulegs gróðurs á hólnum. Syðst í hólnum eru garðlög og tóft er suðaustantil á honum. Þar skammt frá er Kumblholt (Ey-071:012), sem gæti vísað til heiðinna grafa á holtinu, um það eru dæmi, en algengara er að örnefni af þessu tagi vísi einungis til náttúrumyndunar af einhverju tagi. Á Kumlholti stendur nú nýbýlið Gilsbakki, og hafi minjar verið þar fyrir er líklegt að þær hafi orðið fyrir raski við byggingaframkvæmdirnar. Austur af Gilsbakka eru 3-4 þústir sem mjög líklega eru leifar kumla. Skammt norðan þeirra, á sjávarbakkanum er tóft (Ey-071:026) og milli þeirra er vör (Ey-071:025), en vestan hennar er önnur tóft (Ey-071:024). eru því a.m.k. 8 staðir innan lóðar.

*Fornleifar í landi Hvamms.* Hvammsland nær frá fjalli til fjöru, og liggur syðri helmingur fyrirhugaðs byggingarreits í landi Hvamms. Kunnugt er um 25 minjar í Hvammi. Bæjarstæði Hvamms og nálægar minjar (Ey-088:001-015) eru fjarri reitnum, eða um 1-1,5 km vestan hans. Austast í landi Hvamms hinsvegar, þ.e. við sjávarsíðuna, hafa verið hjábýli frá Hvammi og eru leifar þeirra innan iðnaðarlóðar. eru það býlin Litli-Hvammur

(Ey-088:016), Háagerði (Ey-088:018) og Ásbyrgi (Ey-088:017). Þar myndaðist vísir að sjávarþorpi og var kallað Sjávarbakki. Upplýsingar vantar um aldur býlanna, en vænta má að á þessum stað sé talsvert af minjum a.m.k. frá síðari tímum. Eru t.a.m. eyðibýlatóftir (Ásbyrgis og Háagerðis?) á tveimur stöðum um 100 m sunnan við Sjávarbakka, og lendingarstaður (Ey-088:025) um 60 m sunnan við hann. Líklegt er að á því svæði muni fleiri minjar finnast við vettvangsathugun, til viðbótar þeim 6 sem hér er getið.

*Fornleifar í landi Óss.* Suðurmörk iðnaðarlóðar eru við norðurmerki Óss. Er bærinn á Ósi rúman kílómetra suðvestan við lóðina. Í landi Óss er kunnugt um 23 minjar, en þær eru flestar nærri bæjarstaðinu og við Hörgárósa. Um staðsetningu nokkurra minja er ekki vitað. Nokkrar eru innan við lóðarmörkin. Norðan Krókeyrar, innan við suðausturhorn lóðarinnar eru Ósnaust (Ey-069:009), sjóbúð (Ey-069:010), stekkur (Ey-069:012) og óþekkt tóft (Ey-069:019). Innan við suðvesturhorn lóðar eru meint dys (Ey-069:020), tóft (Ey-069:021), vatnsból (Ey-069:022) og leifar eyðibýlis (Ey-069:023). Eru því um 8 staðir innan áhrifasvæðisins.

*Fornleifar í landi Pálmholts (og Búlands).* Vestanmeð iðnaðarlóðarmörkum liggja austurmörk Pálmholts, þ.e. gömlu austurmörkin, áður en Búlandi var skipt út úr Pálmholti. Í landi Pálmholts (og Búlands) er kunnugt um 19 minjastaði, en enginn þeirra virðist liggja innan iðnaðarlóðar.

Alls eru um 21 staður á svæðinu sem lenda innan lóðar eða nærri lóðarmörkum.

## Bakki á Tjörnesi

Talsvert meira hefur verið safnað af upplýsingum um Bakka og Héðinsvíkursvæði en á hinum stöðunum tveimur. Fornleifastofnun gerði svæðisskráningu (heimildakönnun án vettvangsferða) í Tjörneshreppi 1998 og í Húsavíkurhreppi 2001, aðalskráning (vettvangsvinna) var gerð í Tjörneshreppi 1999 og Húsavíkurhreppi 2001, og síðan þá hafa orðið fáeinir viðbætur.

Fyrirhugaður reitur undir iðnaðarlóð er að mestu í landi Bakka, norðurhorn hans er í landi Héðinshöfða, og á milli þeirra er Tröllakot, sem fyrrum tilheyrði Héðinshöfða en síðar Bakka.



*Mynd 3. Bakki og nágrenni. Stóru punktarnir eru bæjarstæði, rauðir dílar eru minjar, svört strik sýna garðlög og græn strik áveitumannvirki.*

*Fornleifar í landi Héðinshöfða.* Kunnugt er um 68 fornleifar í landi Héðinshöfða enda jörðin allstór. Flestar þeirra eru allfjarri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en nokkrar minjar eru vestast í landinu, þ.e. næst sjónum og innan áhrifasvæðis. eru það a.m.k. 10 staðir: Sandholt (SP-310:008), Héðinsvík (014), náma (015), tóftir (016-017,021), leið (020), verbúðir (052, 054), öskuhaugur (061).

*Fornleifar í landi Tröllakots.* Í landi Tröllakots eru þekktar 16 minjar og stór hluti þeirra er nærri framkvæmdasvæðinu (SP-311:001-003, 005, 007-010, 016) í grennd við það en utan lóðar. Aðrar minjar eru utan framkvæmdasvæðis.

*Fornleifar í landi Bakka.* Í landi Bakka eru þekktar 34 minjar, og eru allflestar þeirra innan eða mjög nærri fyrirhuguðum byggingarreit, eða um 29 staðir. Er það m.a. bæjarstæði Bakka og minjar í og við heimatúnið (312:001-006, 008-011), austan við bæ (lending (007), stekkur (013), tóft (029)) og minjar við Bakkahöfða og Bakkakrók (stekkur (013), garðlög, tóftir og mógrafir (015-027,033-34)).

Innan iðnaðarlóðar og í næsta nágrenni við hana eru a.m.k. 40 minjar.

## **Niðurstöður**

Teknar hafa verið saman fyrirbyggjandi upplýsingar á þremur stöðum á Norðurlandi vegna staðarvals fyrir álver. Innan áhrifasvæðis iðnaðarlóðar á Brimnesi eru um 5 þekktar minjar, á Dysnesi 21 og hjá Bakka um 40 minjar. Ekki eru fordæmi fyrir því að leggja sérstakt mat á hagkvæmni staðarvals eða framkvæmdamöguleika á fornleifafræðilegum forsendum, en hér verður gerð tilraun til að finna heppilegasta kostinn m.t.t. hagsmuna framkvæmdaaðila og sjónarmiða fornleifavörslu.

Við fyrstu sýn mætti ætla að heppilegra væri að velja landskika til framkvæmda eftir því sem færri minjar eru á staðum. Þegar þessir þrjú staðir eru bornir saman er augljós munur á fjölda minja, hjá Bakka/Héðinshöfða er kunnugt um áttfalt fleiri minjar en hjá Dysnesi.

Þó ber að varast að draga ályktanir út frá þessum tölum einvörðungu. Bakkasvæðið hefur oft verið kannað af fornleifafræðingum og mun nánar en hin svæðin tvö. Ef ráðist yrði í skráningu fornleifa hjá Brimnesi og Dysnesi er næsta víst að allnokkrar óþekktar minjar muni koma í ljós. Jafnframt hafa þær minjar sem þekktar eru hjá Dysnesi og Brimnesi ekki verið kortlagðar og gætu því nokkrir staðir sem hér hafa talist innan byggingarreit reynst vera fyrir utan hann. Varðandi samanburð á hagkvæmni byggingareita er einnig mikilvægt að gæta að því hverskonar minjar er þar að finna og hvert ástand minjastaðanna er. Kostnaður við rannsóknir á minjum sem þurfa að víkja fellur á framkvæmdaaðila, og því hagkvæmt að velja síður staði með minjum sem kalla á umfangsmiklar og kostnaðarsamar rannsóknir, s.s. bæjarhólar og kirkjur með stórum grafreitum. Rannsókn á bæjarstæði þar sem bær hefur staðið í 10 aldir gæti tekið um 5-10 mannaár. Á hinn bóginn kalla flestir aðrir minjaflokkar á langtum minni aðgerðir. Umfang rannsókna fer ekki eftir aldri minja, eða tegund, heldur magni mannvistarlaga, hve flókin þau eru og hver varðveisluskilyrði eru fyrir hendi í jarðveginum. Nokkrir minjaflokkar verða ekki rannsakaðir, a.m.k. ekki með hefðbundnum aðferðum fornleifafræðinnar, uppgrefti o.þ.h. Slíkir flokkar menningarminja hafa verið skilgreindir sem fornleifar og njóta sömu friðhelgi og forn mannvirki, en eru ekki manngerðir, heldur náttúrulegir staðir sem hafa gildi í menningarsögulegu samhengi, s.s. vöð, álagablettir, þvottastaðir eða bústaðir huldufólks. Eins eru dæmi um minjastaði sem að jafnaði teldust viðfangefni hefðbundinnar rannsóknar, en hafa varðveist mjög illa og glatað þannig rannsóknargildi sínu að mestu. Engin opinber stefna hefur verið sett um varðveislu tiltekinna minjastaða eða minjaflokka. Reyndar er það svo að stjórnvöld hafa heimild til að friðlýsa útvalda minjastaði, en með nýrri löggjöf árið 1989 njóta allar minjar eldri en 100 ára friðunar. Ekki eru dæmi um að hætt hafi verið við umfangsmiklar framkvæmdir vegna minja sem fyrir eru á tilteknum framkvæmdastað, hinsvegar hefur færst í vöxt að reynt sé að gæta meðalhófs, og jafnvel samræma ólíka hagsmuni framkvæmdaaðila og minjavörslu. Sem dæmi mætti nefna að framkvæmdaaðili gæti séð sér hag í að varðveita minjar á athafnasvæði sínu, t.a.m. til að laða að gesti eða sem mótvægisagerð í ferli sem hefur í för með sér önnur náttúru- eða minjaspjöll eða aðrar neikvæðar afleiðingar. Nú skal vikið að hverjum hinna þriggja staða fyrir sig.

Á Brimnessvæðinu í Viðvíkursveit eru a.m.k. um 5 minjastaðir. Fari svo að stjórnvöld heimili framkvæmdir á reitnum, og að fornleifar víki að undangengnum rannsóknum, þá er vert að reyna að meta umfang þeirra aðgerða. Hér er valið að skipta minjastöðunum í tvo hópa eftir stærð, þ.e. hvort eðli minjastaða kalli eftir stórum eða litlum aðgerðum til varðveislu, rannsókna eða annars. Þessi aðferð er ófullkomin að því leyti að sumir staðir eru vafningalaust lítið rannsóknarefni (t.d. torfristustaður), en aðrir kunna að láta lítið yfir sér og reynast þó geyma margbrotnar minjar. Sem dæmi mætti nefna fjárhústóft sem rannsökuð var á Neðra-Ási í Hjaltadal fyrir nokkrum árum. Undir fjárhúsinu reyndust vera smiðja, og tvær kynslóðir kirkjutófta og kirkjugarður umhverfis frá upphafi kristni í landinu. Aðferðin kann því að vera umdeilanleg, en hún er einföld og nær þeim tilgangi sínum að auðvelda kerfisbundinn samanburð á svæðunum þremur.

Þeir staðir sem krefðust lítilla aðgerða á nyrðri hluta reitsins, þ.e. í landi Brimness, eru líklega: stekkjartóftir (SK-277:017), leiðir (020, 024) og varða (023). Óvíst er varðandi kumlateiginn (016) á sjávarbakkanum við Bátagil. Hann var rannsakaður 1937, og fundust þar 3 kuml, en þar gætu leynst fleiri og hefur það ekki verið kannað, en líklega myndi rannsókn á þeim stað einnig flokkast til minni háttar aðgerða. Þar gæti leynst kumlateigur.

Líkur benda til að allir minjastaðir staðir á reitnum kalli á umfangslitlar aðgerðir. Verði kosið að taka allan þennan reit undir framkvæmdir er ljóst að þær munu hafa lítið rask á minjum í för með sér. Lítil umhverfisspjöll hafa þó verið á svæðinu til þessa og eykur það varðveislugildi minjaheildarinnar innan lóðar og utan. Veiti Fornleifavernd ríkisins engu að síður heimild til framkvæmda, mun það eflaust verða bundið skilyrðum um rannsóknir á minjunum á kostnað framkvæmdaaðila eða öðrum viðeigandi aðgerðum.

Á og við Dysnessvæðið eru a.m.k. 21 minjastaður. Ef við fylgjum sömu tilraun til flokkunar og hér að ofan, þá er líklegt að eftirtaldir staðir lendi í minni flokki: sjóbúðir (Ey-071:022, Ey-069:010), naust (Ey-071:011, Ey-069:009), garðlög og tóftir á Bygg hóli (Ey-71:010), lendingarstaður (Ey-088:025), stekkjartóft (Ey-069:012), stök tóft (Ey-069:019), dys (Ey-069:020), tóft (Ey-069:021), vatnsból (Ey-069:022). Bústaðaleifar gætu lent í stærri flokki, þ.e. Litli-Hvammur (Ey-088:016), Háagerði (Ey-088:018), Ásbyrgi (Ey-088:017) og eyðibýlatóftir (Ey-069:023). Óljóst er um Kumlholt og Dysnes,

en bæði nöfnin vísa til heiðinna grafa, og á Kumlholti vottar fyrir um 3-4 kumlum (Ey-71:012). Þar gætu leynst fleiri grafir.

Samanlagt eru því innnan lóðar um 10 staðir í minni flokki en um 4 gætu reynst vera í stærri flokki.

Hjá Bakka og við Héðinsvík eru um 40 minjar á og við iðnaðarlóðarreit. Eftirtaldir staðir eru líklega í minni flokki: mógrafir og torfristustaðir (SP-310:015; SP-312:015, 018, 020, 022, 034), tóftir og garðlög (SP-310:016-017,021, 025; SP-310:002-003, 005, 007-010, 016; 312:002-006, 008-011, 016-017, 019, 021, 023-030, 032-033), leiðir (SP-310:020; SP-312:031), verbúðir (SP-310:052, 054), öskuhaugur (SP-310:061), þúst (SP-310:062), lending (SP-312:007) og stekkur (SP-312:013).

Í stærri flokki lenda bæjarhólaleifar Bakka (312:001), og býlanna Sandholts (SP-310:008), og Héðinsvíkur (SP-310:014).

Alls eru því um 37 staðir í minni flokki og 3 í stærri flokki minja. eru á þessu svæði óvenju margar minjar. Til samanburðar má nefna að þær eru nær tífalt fleiri en á öllu áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Ekki hefur reynt á hvort stjórnvöld veiti heimild til minjarasks á svæðum sem þessum. Rétt er að benda á hér að á síðustu árum hefur nýrri stefnu í minjavernd vaxið fiskur um hrygg, en það er verndun s.k. menningarlandslags, og tekur fremur til minjaheilda og umhverfisins eða stórra svæða, en eingöngu stakra minjastaða. Er verndun menningarlandslags meðal nýmæla í löggjöf um fornleifar frá árinu 2001. Svo gæti farið að Fornleifavernd legðist gegn uppbyggingu á svæðinu, enda er þar að finna stórt safn vel varðveittra minja um lífshætti genginna kynslóða til sjávar og sveita. Kostnaður við rannsóknir á minjunum yrði mjög mikill og hætt er við að jafn umfangsmiklar rannsóknir tefðu byggingarframkvæmdir mjög lengi.

Þegar bornir eru saman staðirnir þrír, blasir við að byggingarframkvæmdir á Bakka kalla á stórkostlegar mótvægisáðgerðir hvað fornleifar varðar, langtum meira en þekkst hefur til þessa hér á landi. Dysnes gæti kallað á talsverðar rannsóknir ef verulegar minjar leynast á býlunum sem þar eru, en innan reits er enginn bæjarhóll svo kunnugt sé. Öðru máli gegnir um Brimnes. Þar eru fáar minjar, og engir stórir minjastaðir. Ef velja ætti nú á milli Brimness og Dysness væri eðlilegast að meta staðina út frá stærri minjastöðunum

innan svæðanna, og hvaða möguleikar eru á að komast hjá björgunargrefti á þeim með því að færa lóðarmörkin til eftir því sem unnt er. Á Dysnesi er þyrping smábýla og fleiri minja sjávarmegin á miðri lóðinni sjávarmegin. Þar er kjarni minja sem krefst mestrar fyrirhafnar til mótvægis, hinsvegar eru fáir, litir minjastaðir norðan og sunnan þessa kjarna. Ef lóðin í heild væri færð norður eða suður fyrir býlin, þá tryggði það áframhaldandi varðveislu stærri minja, en kallaði líklega engu að síður á rannsóknir á allnokkrum minjastöðum.



## Samantekt

- Í þessari skýrslu er fjallað um fornleifar á þremur afmörkuðum reitum á Norðurlandi: í landi Brimness í Viðvíkursveit, hjá Dysnesi við Eyjafjörð, og í landi Bakka og Héðinsvíkur á Tjörnesi.
- Við úttektina var stuðst fyrir fyrirliggjandi skráningargögn, en ekki gerð rannsókn á vettvangi. Gögn um Tjörnes eru mun ítarlegri en upplýsingar um önnur svæði.
- Niðurstöður samanburðar sýna að langflestar minjar eru innan lóðarreits við Bakka og Héðinsvík.
- M.t.t. fornleifa og hagsmuna framkvæmdaaðila hvað mótvægiskostnað varðar, væri heppilegast að velja Brimnes.
- Fornleifavernd ríkisins getur veitt heimild til þess að fornleifar verði látnar víkja að undangenginni rannsókn, eða þær huldar og setur skilmála það að lútandi.
- Nær fullvíst er að fleiri minjar, en þær sem komið hafa fram við heimildaathuganir og vettvangskönnun, leynist á þessum svæðum.

## English summary

On behalf of HRV, the Institute of Archaeology carried out a preliminary survey of existing documentation in order to evaluate three sites in northern Iceland. The sites are: Brimnes in Viðvíkursveit, Skagafjörður, Dynes in Eyjafjörður and Bakki in Tjörnes. The quantity and quality of the archaeological record of these areas vary greatly. While the Tjörnes area has been surveyed a number of times in the field, only a limited survey has been carried out in Dynes, and none in Brimnes. This difference will undoubtedly effect the results, as more archaeological remains are found during each round of survey of a given area. The main results for each site is as follows:

Brimnes. 5 remains are known within the suggested building area. All these sites seem to be small and would not require costly nor expansive rescue operations.

Dynes. 21 archaeological sites are known within the building area. Most are small sites, but some 3-4 are the remains of (probably) small settlements. However no large farm mounds are known within the boundaries. On the whole, the use of the area would require a considerable effort in research and excavations of some 14-17 small sites, and 3-4 larger ones.

Bakki. 40 archaeological sites are known within the area. Ca. 37 sites are small sites, there are two sites of small farms, and one large farm settlement (Bakki). The exploitation and development of this area would call for immense archaeological rescue work. The amount of that work could be somewhat reduced if the southern border of the area would be moved north of the remains of Bakki farm.

## Heimildir

### Óprentaðar heimildir:

#### Fornleifastofnun Íslands:

Ísleif – gagnagrunnur um íslenskar fornleifar:

#### Örnefnastofnun Íslands:

Örnefnaskrár Bakka og Brimness í Viðvíkursveit, Syðri-Bakka, Pálmholts, Búlands, Hvamms og Óss í Arnarneshreppi, Bakka, Tröllakots og Héðinshöfða á Tjörnesi.

#### Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort

#### Þjóðminjasafn Íslands:

Skráningargögn Guðmundar Ólafssonar um Arnarneshrepp 1985.

### Prentaðar heimildir og fjölrit:

BBSÞ: Byggðir og bú Suður-Þingeyinga. 1986.

BE: *Byggðir Eyjafjarðar*. Akureyri 1993.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn*, Kh., 1857-.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823*, I-II, Sveinbjörn Rafnsson. 1983, Reykjavík.

ÍF: *Íslensk fornrit*. Rv., 1933 -.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I*. Kh. 1913.

JJ: Jón Johnsen. *Jarðatal á Íslandi...* 1835-1845. Kh. 1847.

KK: Kálund, P.E.K., *Íslenskir sögustaðir I*, 1984, Reykjavík.

LP: *Lýsing Þingeyjarsýslu*. Ritsafn Þingeyinga I-II. Rv., 1954-59.

HH: Helgi Hallgrímsson. Skýrsla um könnun á náttúrufari og minjum á vesturströnd Eyjafjarðar. (Glæsibæjarhrepp (að hluta), Arnarneshrepp og Árskógshrepp) Náttúrugripasafnið á Akureyri, 1982.

Jóhannes Björnsson: "Lundey á Skjálfanda" *Árb. Þingeyinga* 1985.

Kristján Eldjárn og Adolf Friðriksson, *Kuml og haugfé*. Rv., 2000.

SH: *Saga Húsavíkur*. Húsavík 1981-2003.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844, *Þingeyjarsýslur*, ritstj.: Björn Hróarsson, Heimir Pálsson, and Sigurveig Erlingsdóttir. Rv., 1994.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854, ritstj., *Magnús Kristinsson. Eyfirsk fræði*, Akureyri, 1972.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Skagafjarðarsýsla, ritst., Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson. *Safn til Landfræðisögu Íslands*. Akureyri, 1954.

TE:Tryggvi Emilsson. *Fátækt fólk*. Rv.

Viðbætur:

## Fornleifaskrár

### SK-277 Brimnes

1388: Ráðsmannsreikningar frá Hólum. „af brimnesi. c. woro. c. i hafnar v[adum], xx lamba elde ok tueuett n[aut]. DI, III, 409.

1449: Skrá yfir kúgildi með jörðum Hólastaðar. DI, V, 36.

Um 1500: Brimness er getið í skrá um landamerki Viðvíkur og fleiri jarða í Skagafirði. DI, VII, 463.

1550: Skrá um eignir Hólabiskupsstóls og Hóladómkirkju eftir fráfall Jóns Arasonar biskups. „ Med Brimnesi .vj. kugillde. landskyld. iij. c." DI, XI, 859, 875, 878.

1569: Brimnes er nefnt í reikningum Hólastóls. DI, XV, 223.

1570, eftir jól: Brimnes kemur fram í kúgildareikningur Hólastóls. DI, XV, 456.

1714: Eigandi Hólabiskupsstóll, jarðardýrleiki 50 hdr. JÁM, IX, 206.

1847: 10 dýrl. JJ, 268.

1916: Tún 6,9 teigar, útgræðsla 0,9 teigar. Matjurtagarður 400 m<sup>2</sup>.

**SK-277:001** *Brimnes* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:002** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:003** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:004** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:005** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:006** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:007** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:008** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:009** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:010** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:011** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-277:012** *Ærhúsgerði* örnefni

Í örnefnaskrá: „Norðvestan til á túninu heita Ekrur og nyrst Sauðhúsvöllur. Þar austur af er Ærhúsgerði.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 1.

**SK-277:013** *Sauðhúsvöllur* örnefni

Í örnefnaskrá: „Norðvestan til á túninu heita Ekrur og nyrst Sauðhúsvöllur.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 1.

**SK-277:014** *Brunnpollar* örnefni vatnsból

Í örnefnaskrá: „Þar austur af er Ærhúsgerði, sunnan við það eru nokkrar uppsprettur sem kallast Brunnpollar.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 1.

**SK-277:015** *Lambhúsgerði* örnefni

Í örnefnaskrá: „Syðst og austast í túninu er Lambhúsgerði.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 1.

**SK-277:016** *Bátagil* kuml legstaður

Í örnefnaskrá segir: „Utan við það [Brimnesgil] er Bátagil ... .”

Einnig segir í örnefnaskrá: „Við Bátagil fannst árið 1937 dys ..., dysin reyndist síðan úr heiðnum sið, þar fannst beinagrindur af þrem mönnum og hesti með reiðtygjum og eitthvað af vopnum .”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 2, 3-4.

**SK-277:017** *Stekkjargil* örnefni stekkur

Í örnefnaskrá segir: „Utan við það [Brimnesgil] er Bátagil og örstutt utar Stekkjargil, til forna nefnt Skipagil.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 2.

**SK-277:018** *Myllugil* örnefni mylla

Í örnefnaskrá segir: „Austan við Neðstagil er Breiðtagil og þar austur af Myllugil.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 2.

**SK-277:019** *Grundarstaðir* heimild um bústað

Í örnefnaskrá segir: „Suður og niður af túninu Tjarnarlág og beint suður af túninu er eyðibýlið Grundarstaðir.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 2.

**SK-277:020** *Kolkósvegur* heimild um leið

Í örnefnaskrá segir: „Vegurinn sem lá út um Stekkjargil, út með sjó, hét Kolkósvegur.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 3.

**SK-277:021** *Grænutóftir* heimild um beitarhús

Í örnefnaskrá segir: „... Beitarhúshólar. Norðan við þá eru Grænutóftir, þar voru beitarhús frá Brimnesi.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 2.

**SK-277:022** *Geitagerði* heimild um óþekkt

Í örnefnaskrá segir: „Rétt suður af Finnbogahólum sem eru í Viðvíkurlandi er lítill hóll með tóftarbroti á sem heitir Geitagerði þar sem eru merki Brimnes og Viðvíkurlands.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 2.

**SK-277:023** *Vörðumelur* örnefni samgöngubót

Í örnefnaskrá segir: „Suðvestur af Geitagerði er strýtumelur sem heitir Vörðumelur.”

**Heimildir:**Ö-Brimnes, 2.

**SK-277:024** *Miðvegur* heimild um leið

Í örnefnaskrá segir: „Hann [Vörðumelur] stendur við svonefndan Miðveg en neðan við Brimnes skiptist

Þjóðvegurinn."

**Heimildir:** Ö-Brimnes, 2.

**SK-277:025** *Þjófadallir* örnefni

Í örnefnaskrá segir: „... nokkru innan við Vagnabraut beygði vegurinn frá sjónum og þar sem hann skarst við Vagnabraut eru Þjófadallir, vestur af sem eru djúpar dalskorur er ganga inn frá sjónum og greinast í fleiri skorur. ... Eftir Þjófadöllum rennur lækur til sjávar kallaður Þjófadalslækur."

Einnig segir: „Þann 10. okt. 1869 strandaði flutningaskipið Hanna við mynni Þjófadallalækjar... "

**Heimildir:** Ö-Brimnes, 2.

**SK-277:026** *Stekkjarmýri* örnefni stekkur

Í örnefnaskrá segir: „Stekkjarmýri er upp af og innan við Klif en sunnan við hana er Stekkjarmelur." Líklega sami staður og 017.

**Heimildir:** Ö-Brimnes, 3.

**SK-277:027** *Steinka* heimild

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við túnið í Brimnesi er varða sem heitir Steinka."

**Heimildir:** Ö-Brimnes, 3.

**SK-277:028** *Kvíamelur* örnefni kvíar

Í örnefnaskrá segir: „Beint niður af túninu er hringmynduð mýri í melunum sem heitir Kringlumýri og melurinn ofan við hana, næst túninu, heitir Kvíamelur."

**Heimildir:** Ö-Brimnes, 3.

## **SK-278 Bakki**

1351: „... herra arngrimr hola kirkiu officialis reid a landamerki bakka ok lækiar uit stadarins jardir takandi... " DI, III, 54.

1353: „virduligr herra herra ormr biskup Reid aa landamerke mellom enness ok lekiar. grafuar ok bakka til stefndum arnageire skufssyni. er sagdar jarder atte till moz vidr holastada[r] jarder firrgreindar." DI, III, 74.

1395: Pétur biskup á Hólum kaupir jarðirnar Bakka og Læk undir Hólakirkju „ j fyrstu. selde halldor stadum a holum oc oss til fullrar eighnar jardir backa og læk j viduikurþingum med ollum gagnum oc gædum ... " DI, III, 602

1449: Skrá yfir kúgildi með jörðum Hólastaðar. DI, V, 36.

1471: Vitnisburður um kaupbréf Hólabiskups á jörðinni Bakka. DI, V, 627.

1550: Skrá um eignir Hólabiskupsstóls og Hóladómkirkju eftir fráfall Jóns Arasonar biskups. „ med Backa. vj. landskyld. j. c." DI, XI, 859.

1569: Bakki er nefndur í reikningum Hólastóls. DI, XV, 223.

1570, eftir jól: Bakki kemur fram í kúgildareikningur Hólastóls. DI, XV, 456.

1707: Hjáleigan Bakkakot mun hafa farið í eyði í stórubólu. JÁM, IX, 205.

1714: Eigandi Hólabiskupsstóll. Jarðardýrleiki 50 hdr. JÁM, IX, 205; „Hjáleiga hefir hjer verið að nafni Backakot. Fyrir vii árum var hjer búið og var þá landskyld 1x álnir, varaði bygðin so lengi sem aldraðir menn nú til minnast." JÁM, IX, 206.; „Nyagrund, öðru nafni Backagrund hefur hjer annað býli verið við túnið. Ekki muna nú menn hvað langt er síðan að bygt var nje heldur landskyldarhæð." JÁM, IX, 206.

1802: Jarðir Hólabiskupsstóls seldar á uppboði og Bakki komst í einkaeign. Ö-Bakki, 3.

1847: 50 hundrð. Neðanmáls; A.M. telur hér með eyðihjáleigur, Bakkakot" JJ, 268.

1957: Búsetu hætt í gamla bænum. Ö-Bakki, 19.

1982: Tóftir gamla bæjarins sléttar ásamt öðrum tóftum á gamla túninu. Ö-Bakki, 19.

1709: „Túni grandar hjer sandfok úr nærliggjandi melum, en engjar þær í landi vóru eru fordjarfaðar af sandi og grjóti." JÁM, IX, 206.

1916: Tún 4,9 teigar.

Lundey er framan við Bakka, rúma 2 km frá landi. Þar var oft slegið og hey flutt til lands á sexæringum. Æðarvarp og eggjataka. Ö-Bakki, 14.

**SK-278:001** *Bakki* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-278:002** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-278:003** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-278:004** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-278:005** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-278:006** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-278:007** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-278:008** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-278:009** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1916

**SK-278:010** *Bakkavík* heimild um lendingu

Í örnefnaskrá segir: „Hún var á sumrin notuð sem lending fyrir fjórróinn pramma, sem varð að draga langt upp í bakka, þegar gerði norðan garð.“

**Heimildir:**Ö-Bakki, 4.

**SK-278:011** *Bæjarbeð* heimild um leið

Í örnefnaskrá segir: „Mjó beðslétta, svokallað Bæjarbeð, lá beint í vestur af varpa við nyðra bæjarhorn niður á sjávarbakkann, sem var þar dreginn inn. ... Alltaf var gengið niður Bæjarbeðið þegar gengið var til sjávar, einnig eftir að túnið var allt orðið slétt. ... Þegar gengið var niður Bæjarbeðið fram á bakka var tún kargabýft á báðar hendur, að undanskildum fimm misstórum (beð)sléttum, sem gerðar höfðu verið í þýfið hér og þar.“

**Heimildir:**Ö-Bakki, 4.

**SK-278:012** *Vallargarður* heimild um túngarð

Í örnefnaskrá segir: „Það [Norðurtúnið] náði norður til Vallargarðs, sem var gamall túngarður.“

**Heimildir:**Ö-Bakki, 5.

**SK-278:013** *neðri (fjár)húsin* heimild um fjárhús

Í örnefnaskrá segir: „Yst og neðst á Norðurtúninu voru sambyggð tvö fjárhús og eitt hesthús (syðst), oft kölluð neðri (fjár)húsin. Við þau var heytóft.“

**Heimildir:**Ö-Bakki, 5.

**SK-278:014** *efri (fjár)húsin* heimild um fjárhús

Í örnefnaskrá segir: „Ofan við þau [neðri (fjár)húsin] byggði faðir Björns stór fjárhús úr torfi og grjóti, með þremur gördum og 6 krím; þau rúmuðu 120 fjár. Þau voru kölluð efri (fjár)húsin þar til þau neðri voru rifin (1930), eftir það bara fjárhúsin. Húsin voru undir einu þaki sem var þvert á krærnar. Ofan við þau, áföst, var 36 álna löng hlaða með tveimur braggagtöum, ytra og syðra.“

**Heimildir:**Ö-Bakki, 5.

**SK-278:015** *Brunnmýrin* heimild um brunn



Í örnefnaskrá segir: „Þar utangarðs, en innan (gaddavírs)girðingar, var Brunnmýrin, í henni var manngerður, hlaðinn brunnur, tæplega 2 m djúpur. Úr þeim brunni var vatn borið í neðri húsin. Með tilkomu nýju húsanna var lögð vatnsleiðsla úr brunnum í húsin. Voru tvö steinkör (drykkjarkör), með fótstigi fyrir féð, innst við vegg milli húsanna.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 5.

**SK-278:016** *Hólshúsin* heimild um fjárhús

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við bæinn var aflangur hóll sem náði að Vallargarðinum og var bara kallaður Hóllinn eða Hóllinn norðan við bæinn. Nyrst á hólum voru tvö fjárhús, Hólshúsin, sem sneru endum saman var heytóft á milli þeirra, þar sem var borið upp hey. Ytra húsið var rétt við vallargarðinn.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 5.

**SK-278:017** heimild um leið

Í örnefnaskrá segir: „Eftir hólum miðjum lá heimreiðargatan frá hliði sem hefur eflaust verið á Vallargarðinum austan við Hólshúsin.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 5.

**SK-278:018** heimild um hesthús

Í örnefnaskrá: „Á milli Hólsins og bæjarins voru þrjú hús, hesthúsið fyrir 8 hesta, eldiviðarkofinn í miðið og nyrst „litlikofinn“ fyrir tvo hesta.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 5.

**SK-278:019** heimild um brunn

Í örnefnaskrá: „Um 6 m frá suðvesturhorni bæjarins var grafinn brunnur, 7-8 m djúpur, og rúmur metri í þvermál. Hann var hlaðinn með grjóti neðan til, en strengjum uppi. Yfir honum var brunnhús með þvervindu og sveif til að hala upp vatnsfötuna.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 5.

**SK-278:020** *Tunguhús* heimild um fjárhús

Í örnefnaskrá segir: „Á Ytritungunni var fjárhús sem hét Tunguhús, og hlaða við suðurendann á því... Hóllinn við Tunguhúsið var sléttur og var það gert frá honum niður að mýrinni.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 6.

**SK-278:021** heimild um hesthús

Í örnefnaskrá segir: „Á Syðritungunni voru tvö sambyggð hesthús og gekk heytóft þvert á norðurendann á þeim. Vallargarðurinn gamli lá eftir Tungunni að húsunum, sem voru í raun byggð inn í vallargarðinn. ... Annað allbreitt beð, Hesthúsabeðið, gekk niður Tunguna sunnan hesthúss frá Grundinni og niður að heimreið.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 6.

**SK-278:022** *Mýrin* heimild um leið

Í örnefnaskrá segir: „Nyrst í Mýrinni var hlaðinn vegur eða garður á ská á milli Hólsins og Tungunnar.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 6.

**SK-278:023** heimild um brunn

Í örnefnaskrá segir: „Syðst og neðst við Efrimýrina, á sléttu upphækkun við hlaðna veginn, var upphlaðinn brunnur með tréhúsi yfir. Þar var hrossum brynnt á vetrum.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 6.

**SK-278:024** heimild um kartöflugarður

Í örnefnaskrá segir: „Beint á móti brunnum, norðan við Efrimýrina, var kartöflugarður.“

**Heimildir:** Ö-Bakki, 6.

**SK-278:025** heimild um kvíar

Í örnefnaskrá segir: „Gamlar kvíar voru utan við vallargarðinn, skammt austan götunnar, á sléttum bala sem lá þvert norðan við Hólshúsin.“

**Heimildir:**Ö-Bakki, 6.

**SK-278:026** heimild um fjós

Í heimildaskrá segir: „Sunnan við bæinn var fjós, fjóshlaða vestan við það og heytóft austan við.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 6.

**SK-278:027** heimild um brú

Í örnefnaskrá segir: „Brú eða ræsi var á læknum á milli fjóss og bæjar, og þaðan lá heimreiðin suður að vallargarði, og hliðarslóð upp að Tunguhúsi.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 6.

**SK-278:028** heimild um leið

Í örnefnaskrá segir: „Brú eða ræsi var á læknum á milli fjóss og bæjar, og þaðan lá heimreiðin suður að vallargarði, og hliðarslóð upp að Tunguhúsi.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 6.

**SK-278:029** heimild um vatnsból

Í örnefnaskrá segir: „Ofan við þessa vegi, neðan við Hesthúsbrekkuna, var afmarkaður mýrarblettur, Hesthúsmýrin. Efst í henni fanns síðar lind, og var lögð þaðan vatnsleiðsla fyrir fjós og bæ.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 6.

**SK-278:030** heimild um leið

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Bakkabæinn var hlið á vallargarðinum. Þaðan lá reiðvegur að Lóni, fyrst eftir melum sem náðu suður undir landamerki, ... .”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 7.

**SK-278:031** *Hádegiskriki* heimild um ristur

Í örnefnaskrá segir: „Ofan við Hádegishól var Hádegiskriki. Þar voru stungnar klömbrur og ristir strengir til hleðslu húsa; einnig heytorf öðru hverju, eftir því sem ristilandið gréri upp.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 8.

**SK-278:032** *Mógrafir* heimild um mógrafir

Í örnefnaskrá segir: „Neðan til í mýrunum, nokkru norðan við Miðgilið, var svarðartekja. Mórinn (svörðurinn) var fluttur í krókum upp á Mómelinn... . Rétt norðan við Mógrafirnar gekk fram úr bakkanum allstórt nef, sem hét Mónef.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 7.

**SK-278:033** *Bakkavegur* heimild um leið

Í örnefnaskrá segir: „Þjóðvegurinn gamli, nú Bakkavegur, liggur eftir melum eða ás, sem var stundum kallaður Efri-Lónsás eða Ásinn.”

**SK-278:034** heimild um áveitu

Í örnefnaskrá segir: „Þar fyrir ofan [Ásinn] eru allvíðattumikil engi sem heita Bugar. ... . Ofarlega á þeim var gamall áveituskurður, sem var notaður á uppvaxtarárum Björns, ... .”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 9.

**SK-278:035** *Bakkakot* heimild um bústað

Í örnefnaskrá segir: „Loks beygir gilið nokkuð krappt til vesturs, og tekur stefnu áleiðis til sjávar. Eyðibýlið (hjáleigan) Bakkakot er þar ofan við lækinn.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 5, 12.

**SK-278:036** heimild um myllu

Í örnefnaskrá segir: „Beint upp af Litlamel var myllan við bugðu á Bakkalæknum (vestan við lækinn). Björn man eftir mylluhúsinu, það var þá uppistandandi en hætt var að nota það. Myllutóftin er lítil, en austan við hana er niðurgrafið svæði, 6x7 m, þar sem Björn og bræður hans ætluðu að gera sundpoll.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 9.

**SK-278:037** *Sjónarhóll* heimild um samgöngubót

Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Dýjamýri og Bakkakotsmela er langur og hár melhóll sem heitir Sjónarhóll. Hann er hæstur um miðjuna, við vörðu sem þar var.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 10.

**SK-278:038** *Bakkakotsmýri* heimild um ristur

Í örnefnaskrá segir: „Ágætis torfrista var í Bakkakotsmýrinni og Gjánni.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 10.

**SK-278:039** *Gjáinn* heimild um ristur

Í örnefnaskrá segir: „Á milli þeirra [Efra-Kílhólts og Neðra-Gjáholts] er mjótt en djúpt mýrarsund, sem heitir Gjá. ... Ágætis torfrista var í Bakkakotsmýrinni og Gjánni.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 9-10.

**SK-278:040** *Bakkamór* heimild um beitarhús

Í örnefnaskrá segir: „Talsverðar rústir eru efst í Bakkamónum, rétt neðan við gamla veginn; líklega rústir beitarhúsa.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 10.

**SK-278:041** *Lækjarhvammur* heimild um útihús

Í örnefnaskrá segir: Í Lækjarhvammi voru tóftarbrot á tveimur stöðum fyrir austan veginn.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 10.

**SK-278:042** heimild um leið

Í örnefnaskrá segir: „Gamlar reiðgötur lágu ofan við Sjónarhólinn, frá Bakkakoti í Brimnes.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 10.

**SK-278:043** *Bakkavör* heimild um lendingu

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan undir því [Karlnesi] var Bakkavör. Þar var hægt að lenda stærri bátum. Vörin var rudd á hverju vori áður en farið var að róa þaðan, því að í brimi á veturna vildi safnast í hana grjót. ... Sneiðingur var gerður úr vörinni upp á bakkann til að setja upp bát.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 11.

**SK-278:044** heimild um lendingu

Í örnefnaskrá segir: „Norðan á Karlsnesinu var vogur, þar sem hægt var að lenda þegar var sunnanátt.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 11.

**SK-278:045** *Karlsnes* heimild um naust

Í örnefnaskrá segir: „Engin sérstök örnefni voru uppi á Karlsnesinu, en þrjú naust voru þar. Þar voru geymdir yfir veturinn sexæringar, fjóræringur, og fjórróinn prammi.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 11.

**SK-278:046** heimild um óþekkt

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Bakkalækinn voru rústir aðeins upp með læknum.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 11.

**SK-278:047** *Stórapúfa* heimild um túngarð

Í örnefnaskrá segir: „Skammt norðan við það [Litlagil], ofan við reiðgötur, var há þúfa sem hét Stórapúfa, og var í raun endi á garði sem lá ofan frá veginum rétt neðan við Bakkalækinn og niður að sjó við Forvaðana.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 11.

**SK-278:048** heimild um legstað

Í örnefnaskrá segir: „Við Bakkakot er ávalur, stærðar hóll. Norðan við hólinn er laut með einkennilegum þúfum. Fólk taldi að þar væri kirkjugarður úr bólunni. Tóftirnar á Bakkakoti er sunnan á hólnum.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 12.

**SK-278:049** heimild um túngarð

Í örnefnaskrá segir: „Gamall vallargarður er í kringum Bakkakot.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 12.

**SK-278:050** *Leiði kerlingarinnar á Bakkakoti* heimild um legstað

Í örnefnaskrá segir: „Sagt er, að þegar stórabóla gekk yfir byggðina, hafi allir á Bakkakoti dáði nema ein kerling, sem var eftir það einbúi á kotinu. Þegar hún dó var hún jörðuð í Bakkakotskrók, beint á móti Bakkakoti. Þar er stór þúfa sem var kölluð Leiði kerlingarinnar á Bakkakoti.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 12.

**SK-278:051** *Bakkagrund* heimild um bústað

Í örnefnaskrá segir: „Björn hefur ekki heyrt getið um Bakkagrund eða Nýjugrund. Hann segir að spölkorn fyrir utan og ofan túngirðinguna, hafi verið rústir eða tóftarbrot, og túnlegt þar í kring. Talið var að þar hefði verið býli.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 13; JÁM, IX, 206.

**SK-278:052** heimild um bænhús

Í Jarðabók Árna Magnússonar segir: "hjer ætla menn að bænhús veriðhafi, en ei hafa hjer í manna minnum tíðir veittar verið."

**Heimildir:**JÁM, IX, 205.

**SK-278:053** heimild um legstað

Í örnefnaskrá segir: „Björn kannast ekki við að hafa heyrt minnst á bænhús á Bakka, og ekki að mannabein hafi fundist í grennd við bæinn. Hins vegar fannst mannabein á Bakkakoti á árunum 1935-1939, þar stóð leggur út úr þúfu, og var hann talinn vera úr manni. Þetta var í dældinni norðan við Bakkakotshólinn, en þúfurnar þar eru eins og leiðispúfur, ... ”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 13.

**SK-278:054** *Karlsnes* heimild um legstað

Í örnefnaskrá segir: „Á bakkanum norðan við Langabásinn á Karlsnesinu var þúst eða þúfa. Þegar Björn var unglingur braut úr bakkabrúninni, og komu þar í ljós mannabein, m.a. neðri kjálka, ... . Greinilegt var að þarna hafði verið dysjaður maður. Eitthvað fleira af beinum var tekið og þau sett niður í kirkjugarð í Viðvík ... ”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 13.

**SK-278:055** *Ytritóftir* heimild um útihús

Í örnefnaskrá segir: „Norðarlega á eygni [Lundey] voru Ytritóftir, og nálægt miðri eygni, eða nokkru sunnar Syðritóftir. ... Hafa þeir eflaust haft skýli í eygni, og gætu tóftirnar verið leifar af því.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 14-15.

**SK-278:056** *Syðritóftir* heimild um útihús

Í örnefnaskrá segir: „Norðarlega á eygni [Lundey] voru Ytritóftir, og nálægt miðri eygni, eða nokkru sunnar Syðritóftir. ... Hafa þeir eflaust haft skýli í eygni, og gætu tóftirnar verið leifar af því.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 14-15.

**SK-278:057** heimild um brunn

Í örnefnaskrá segir: „Skammt þar frá [Ytritóftum og Syðritóftum] voru gamlar brunngleifar, sem sagt var að Hólamenn hefðu notað, þegar þeir voru þarna með kálfa eða kýr.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 14.

**SK-278:058** *Kofabrekka* heimild um útihús

Í örnefnaskrá segir: „Syðst og austast á eygni var uppistandandi kofi með spýtnaárefti. Æðarkollur verptu stundum þar inni. Suðaustan í bakkanum hét Kofabrekka.”

**Heimildir:**Ö-Bakki, 15.

**SK-278:059** heimild um lendingu

Í örnefnaskrá segir: „ Framan af kofanum, við bakkann, var stundum lent."

**Heimildir:**Ö-Bakki, 15.

**SK-278:060** *Vesturvogur* heimild um lendingu

Í örnefnaskrá segir: „ Vestan á eyinni er Vesturvogur. Þar var mjög góð höfn og alveg öruggt að láta báta liggja í norðanátt."

**Heimildir:**Ö-Bakki, 15.

**SK-278:061** *Heiðnanef* heimild um huldufólksbústað

Í örnefnaskrá segir: „ Nyrst á eyinni er Heiðnanef. Það mátti ekki slá nema með áhættu um tjón."

**Heimildir:**Ö-Bakki, 14.

## **EY-069** Ós

40 hdr. 1712.

1917: 8,1 ha. 14/15 slétt. Sáðreitir 1460 m<sup>2</sup>.

**EY-069:001** Ós bæjarstæði bústaður

**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-069:002** heimild um bænhús

Hjer var bænhús (so nefnt), en ekki hafa hjer tíðir veittar verið að nálæggra manna minni, segir JÁM. Í BE.l. er bænhúsið nefnt og sagt að þar hafi fundist mannabein í jörðu.

**Heimildir:** JÁM; BE.l.

**EY-069:003** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-069:004** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-069:005** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-069:006** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-069:007** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-069:008** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-069:009** *Ósnaust* heimild um naust

Norðan [Krókeyrar] eru Naustin, öðru nafni Ósnaust. Í BE segir að þar sjáist engin merki uppsáturs. Naustin eru nr. 69 í skrá G.Ó.

**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.; BE.l.

**EY-069:010** heimild um bústað

Norðan [Krókeyrar] eru Naustin, öðru nafni Ósnaust. Þar var sjóbúð fram yfir aldamótin 1900.

**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-069:011** *Hallfríðarstaðabyrgi* heimild

Útvestur af Sjávarásnum og norðan við Kjóasund er breitt holt og stórsteinótt, nafnlaust, en þarna var alltaf talað um Hallfríðarstaðabyrgi, rétt eins og þar væri einhver kofi, en slíks sjást engin merki.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-069:012** *Gamlistekkur* heimild um stekk

Útvestur af Sjávarásnum og norðan við Kjóasund er breitt holt og stórsteinótt, nafnlaust, .... Sunnan í þessu holti er Gamlistekkur...

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-069:013** heimild um leið

Útvestur af Sjávarásnum og norðan við Kjóasund er breitt holt og stórsteinótt, nafnlaust, .... Sunnan í þessu holti er Gamlistekkur og vestan við það gamli alfaravegurinn, sem liggur út yfir Hvammsreit.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**Ey-069:014** *Litli-Ós* heimild um býli

Upplýsingar vantar

**EY-069:015** heimild um refagildru

Á nafnlausum ási sunnar og ofar [en Breiðasund] eru Gildrusteinar. Þeir eru á merkjum Óss og Ásláksstaða.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-069:016** *Gvendarbrunnur* heimild um vatnsból

Sunnan og neðan við Óstúnið er drykkjarvatnslind, sem talið er að Guðmundur biskup góð hafi vígt. ... Gvendarbrunnur hefur nú verið eyðilagður.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-069:017** *Leirgerði* heimild um bústað

Líkur benda til, að annað býli [en Litliós] hafi verið suður við Hörgá, því þar heitir Leirgerði.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-069:018** *Hörgárdvöð* heimild um vað

"...kvöddu hann við Hörgárdvöð..."TE

**Heimildir:** TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 32

**Ey-069:019** heimild um fjárhús

Í fornleifaskrá GÓ um Arnarneshrepp frá 1985 er nefnd tóft (nr 65) af fjárhúsum, um 3-400 m norður af mynni Hörgár.

**Ey-069:020** heimild um legstað

Í fornleifaskrá GÓ um Arnarneshrepp frá 1985 er nefnd dys (nr 71).

**Ey-069:021** heimild um tóft

Í fornleifaskrá GÓ um Arnarneshrepp frá 1985 er nefnd tóft (nr 72) nærri dys 020.

**Ey-069:022** heimild um vatnsból

Í fornleifaskrá GÓ um Arnarneshrepp frá 1985 er nefnt vatnsból (nr 73) nærri tóft 021.

**Ey-069:023** heimild um eyðibýli

Í fornleifaskrá GÓ um Arnarneshrepp frá 1985 eru nefndar tóftir (nr 33) af eyðibýli nærri dys nr 020.

## **EY-070 Pálmholt**

16 hdr. 1712. Búland byggt úr landi Pálmholts 1930.

1917: 3,6 ha. Sáðreitir 685 m<sup>2</sup>. 1990: Sunnan bæjarins eru miklar mýrar, Pálmholtsmýrar, að hluta framræstar.

**EY-070:001** *Pálmholt* bæjarstæði bústaður  
**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-070:002** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-070:003** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-070:004** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-070:005** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-070:006** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-070:007** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917

**EY-070:008** *Þvergarður* heimild um landamerki  
Pálmholtsland nær vestan frá Dauðutjörn (Reistarármerki) og austur undir Ósveg, norðan frá Þvergarði og suður að Pálmholtslæk (Reistarárni),... [Síðar í örnlys. er talað um Þvergarðssund: Utarlega í Sundinu er Kolluhóll og yzt er hluti af Þvergarðssundi sunnan merkjanna.]  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-070:009** heimild um mógrafir  
...Pálmholtslækur [beygir] suður fyrir Pálmholtsflóa og Pálmholtsmýrar. Meðfram læknum er þurrlandur þúfnakargi, sem kallast Krappi. Hluti af honum heitir þó Grafarmór, því að þar var fyrrum mótekja.  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-070:010** heimild um heygard  
Syðst og austast í landareign Búlands er engjaspildan Heygarðar, sunnar en Kringluholtið.  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-070:011** heimild um samgöngubót  
...nokkru utar [en Kiðulækjarhóll] alveg á Bakkamerkjunum, er Brúarholt, kennt við upphlaðinn spöl á gamla veginum (en það var kallað að brúa mýrarsund, ef þar var hlaðinn upp vegur).  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-070:012** heimild um leið  
"Frá Pálmholti var alllög sjávargata þar sem bærinn stóð í miðjum breiðum mikils undirlendis..."TE  
**Heimildir:**TE: Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 9

**EY-070:013** *Stekkarholt* heimild um bústað  
Stekkarholt hét býli, er stóð suðvestan við Búland (farið í eyði áður en Búland var reist.) segir í örnlys. Í BE.I. er sagt að þurrabúðarbýlið S. hafi verið í byggð frá 1909 til 1924, og sé það nú horfið í tún.  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-070:014** *Stekkarholtslind* heimild um vatnsból  
Stekkarholt hét býli, er stóð suðvestan við Búland (farið í eyði áður en Búland var reist.) Skammt þaðan er vatnsból, sem heitir Stekkjarholtslind.

**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-070:015** heimild um smiðju  
Rétt vestan við íbúðarhúsið í Pálmholti er Smiðjuhóll ...  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-070:016** heimild um túngarð  
Rétt vestan við íbúðarhúsið í Pálmholti er Smiðjuhóll og vestur þar við gamla túngarðinn heita tveir túnskikar Hyrnur. ... Sigríðarsteinn er utan við gamla túngarðinn ...  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-070:017** Ás heimild um býli  
Allbreið mýrarspilda liggur út á milli Ásanna frá Búlandi, nefnist hún Sund. Austan þess eru rústir býlisins Áss, er þar stóð lengi, en hefur verið í eyði um nokkurt skeið. - Í BE.I. segir að tóftirnar sjáist enn beint vestur af Syðri-Bakka, rétt vestan Bakkavegarins. Ás fór í eyði 1934.  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.; BE.I.

**EY-070:018** heimild um áveitu  
Flóðgarðar suðaustur af Pálmholti, þar var áveita áður.  
**Heimildir:**Örn.AJ

**EY-070:019** heimild um brú  
Brúarstæði við Pálmholtsslæk ca 100 m sunnan við Pálmholtsveg, þar var brú yfir lækinn áður en vegurinn var byggður.  
**Heimildir:**Örn.AJ

## **EY-071 Syðri-Bakki**

30 hdr. 1712. Gilsbakki byggður úr landi Syðri-Bakka 1944.  
1917: 4,8 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 420 m<sup>2</sup>.

**EY-071:001** *Syðri Bakki* bæjarstæði bústaður  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-071:002** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-071:003** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-071:004** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-071:005** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-071:006** *Mið-Bakki* heimild um býli  
Eyðiból eitt er hjer í landinu, sem að nefnst hefur Midbacke. Ekki hefur hjer um lxxx ára tíma byggð verið. segir ÁM - Norðan bæjar og vestan Bakkavegar eru miklar og greinilegar rústir af fornþýlinu Miðbakka eða Miðbakkakoti.  
**Heimildir:**ÁM; Örn.Jóh.Ól.; BE.I.; Skrá um friðlýstar fornleifar (1990) bls. 48;

**EY-071:007** heimild  
**Heimildir:**Skrá um friðlýstar fornleifar (1990) bls. 48;



**EY-071:008** *Bjarnarhóll* heimild

Þar sem Bakkaásar eru hæstir er hinn geisistóri Bjarnarhóll í 94 m hæð frá Sjávarmáli. Þar á að vera heygður fornmaður í skipi sínu. Hefur oftsinnis verið reynt að grafa í hól þennan, en aldrei tekizt, því að einhverjir af bæjum nágrennisins hafa jafnan virzt standa í ljósum loga, jafnskjótt og einhver hefur hafizt handa um að kanna hólinn.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.; FF, 548

**EY-071:009** *Dysnes* örnefni legstaður

Sunnan við [Bakkatjörn] eru tvö lítil nes. Heitir hið ytra Litlanes en hitt Dysnes, eða Dysjarnes. Hafa sést mannabein standa þar fram úr bakkanum.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-071:010** *Bygghóll* heimild

Sunnan við [Bakkatjörn] eru tvö lítil nes. Heitir hið ytra Litlanes en hitt Dysnes, eða Dysjarnes. ... Sunnan Dysjarness er Pollnaustavík. Þaðan er skammt suður að BYGGHÓLI, sem er rétt við Pálmsholtslækinn. ... Mýrarasundið norðan við Bygghólinn heitir Bygghólsenni.

Samkvæmt skráningu GÓ 1985 eru garðlög (nr 53 í skrá hans) syðst á Bygghóli, og þrískipt tóft (nr 54) suðauastan á hólnum.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-071:011** *Pollnaustavík* heimild um naust

Sunnan Dysjarness er Pollnaustavík. Þaðan er skammt suður að BYGGHÓLI, sem er rétt við Pálmsholtslækinn. ... Mýrarasundið norðan við Bygghólinn heitir Bygghólsenni.

Skv skrá GÓ um Arnarneshrepp frá 1985, er tóft við naustið (nr 56 í skrá hans).

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-071:012** *Kumblholt* örnefni legstaður

Sunnan Dysjarness er Pollnaustavík. Þaðan er skammt suður að BYGGHÓLI, sem er rétt við Pálmsholtslækinn. ... Mýrarasundið norðan við Bygghólinn heitir Bygghólsenni. Bygghólsenni nær að Kumblholti. Nýbýlið Gilsbakki stendur við Pálmsholtslækinn, þar sem áður hét Kumblholt. Gilsbakki er byggður úr landi Syðri-Bakka 1944, og á land niður með Pálmsholtslæknum.

Í skrá sinni um Arnarneshrepp lýsir GÓ meintum dysjum (nr 55) upp á holti, um 60 m norðan við Bygghól. Helgi Hallgrímsson nefnir þennan stað einnig í sinni skrá og telur holtið vera Kumblholt. Dysjarnar eru um 60 m norðan við tóft á Bygghóli (sjá EY-071:010). Þær virðast vera 4-5, í beinni röð sem teygir sig um 50 m, fremst á brekkubrún. Dysjarnar eru e.k. þústir, 6-8 m í þvermál og búið er að grafa holu í miðju þeirra. Liggja þær því sem næst N-S.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól. S-Bakki, einnig í örnlýs. Pálmholts. GÓ: Arnarneshr, fornleifaskr, ópr. HH.

**EY-071:013** *Svarðarmelur* heimild um mógrafir

Vestanhallt í Bakkaásnum er Breiðasund og syðst á því Torfhóll. Sunnanvert við Bakkaklauf er Svarðarmelur.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-071:014** *Heybandslaut* heimild um heygarð

Sunnan og neðan við túnið á Syðri-Bakka er Heybandslaut, og nær hún niður á svonefnd Höll.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-071:015** *Sjóarlind* heimild um vatnsból

Sunnan og neðan við túnið á Syðri-Bakka er Heybandslaut, og nær hún niður á svonefnd Höll. Norðan við Heybandslaut er uppsprettulind, sem heitir Sjóarlind, ...

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-071:016** *Kvíasund* heimild um kvíar

Sunnan og ofan við túnið er Kvíasund.

**Heimildir:** Örn.Jóh.Ól.

**EY-071:017** *Brunnhall* heimild  
Utan og neðan við tún Brunnhall,...  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-071:018** heimild  
Gerði er hjer nokkurt í landinu, sem enn nú sýnileg merki tilsjást af girðingum og tóttarleifum, sem menn halda þrælsgerði.  
**Heimildir:**ÁM

**EY-071:019** *Bakkagerði* heimild um bústað  
Bærinn stóð beint suður af Syðri-Bakka, byggð úr landinu 1870. Þurrabúð uns búskapur hófst þar 1925. Tóftir sjást þarna enn. Fór í eyði 1966.  
**Heimildir:**BE.I.

**EY-071:020** heimild um leið  
Rétt fyrir ofan [rústir Mið-Bakka], fast við gömlu REIDGÖTURNAR, er alldjúp lág, sem nefnist Bakkaklauf.  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-071:021** *Torfhóll* heimild um ristu  
Vestanhallt í Bakkaásnum er Breiðasund og syðst á því Torfhóll.  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**Ey-071:022** heimild  
Skv skrá GÓ um fornleifar í Arnarneshreppi frá 1985 er tóft (nr 57 í skrá hans) á sjávarbakkanum um 40 m norður af Dysnesi, og telur hann vera verbúð.  
**Heimildir:**GÓ, Arnarneshr, ópr.

**Ey-071:023** heimild um rétt  
Skv skrá GÓ um fornleifar í Arnarneshreppi frá 1985, er rétt (nr 50 í skrá hans) um 15 m norðan við Pálmholtslæk og um 200 m suður af Gilsbakka.

**Ey-071:024** heimild  
Skv skrá GÓ um fornleifar í Arnarneshreppi er tóft (nr 51 í skrá hans), hugsanlega af stekk, undir háum bakka, um 10 m norður af Pálmholtslæk, nærri Gilsbakka.

**Ey-071:025** heimild um lendingu  
Í skrá GÓ um fornleifar í Arnarneshreppi er vör (nr 52 í skrá hans) um 10-15 m norðan við mynni Pálmholtslæk, við sjávarbakkann.

**Ey-071:026** heimild  
Í skrá GÓ um fornleifar í Arnarneshreppi er tvískipt tóft (nr 61 í skrá hans), á sjávarbakka, um 80 m norðaustur af Byggból.

## **EY-087 Hvammkot**

1712: Ábúandinn hjáleigunnar Hvammkots (sem að eru 5 hdr.) og 10 hdraða í heimajörðunni er Ingimundur Sumarliðason. Hans eign er hjáleigan. Fór í eyði 1945.  
1917: 2,6 hdr. 1/4 slétt.

**EY-087:001** *Hvammkot* bæjarstæði bústaður  
Beint útaf bænum utan við læk er tún sem heitir Dagsláttur ... Þar stóð fyrir löngu bær sem hét Hvammkot ... Þessi bær brann fyrir löngu og var hann þá færður nokkru neðar. En nú jafnaður við jörðu, segir Örn.AJ. -- neðarlega í túninu um það bil sem Ólafsfjarðarvegur er nú, segir í BE.I.  
**Heimildir:**Túnakort 1917; Örn.Jóh.Ól.; BE.I.

**EY-087:002** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-087:003** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

## **EY-088 Hvammur**

50 hdr. að meðreiknaðri hjáleigunni Hvammkoti 1712. Sjávarbakki byggður úr landi Hvamms (hét áður Litli-Hvammur og var hluti af þurrabúðaþorpinu Sjávarbakka). Hvammkot fór í eyði 1945 og landið lagt undir Hvamm.

1917: 4,5 ha. 1/2 slétt. Sáðreitir 120 m<sup>2</sup>.

**EY-088:001** *Hvammur* bæjarstæði bústaður  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-088:002** heimild um bænhús  
1712: Hjer hefur til forna bænhús verið, sem menn þykjast muna, en ei þykjast nú nálægir menn minnst hjer hafi tíðir veittar verið.  
**Heimildir:**JÁM

**EY-088:003** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-088:004** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-088:005** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-088:006** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-088:007** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-088:008** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-088:009** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-088:010** heimild um útihús  
**Heimildir:**Túnakort 1917;

**EY-088:011** *Skiptagerði* heimild  
..merkin [milli Hvamms og Reistarár eru] í beinni línu um [Kamb] frá Tófukletti ofarlega í fjallinu niður um Skiptagerði og Neðri-Grafarlæk.  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-088:012** heimild um mógrafir  
..merkin [milli Hvamms og Reistará eru] í beinni línu um [Kamb] frá Tófukletti ofarlega í fjallinu niður um Skiptagerði og Neðri-GRAFARLÆK.  
**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-088:013** heimild um stekk

Eigi miklu vestar en túnið í Hvammi eru Stekkjarhólar. --- Sunnan undir þeim eru rústir af stekk frá Hvammi, segir Örnst.

**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.; Örnst.

**EY-088:014** *Lækjarbakki* heimild um bústað

Í Hvammi stóðu löngum 3-4 bæir... Lækjarbakki heitir 100 ára gamall torfbær upp með læknum að sunnan rétt vestan við gamla túnið. - Fór í eyði 1963 og eru þar tóftarbrott, segir í BE.I.

**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.; BE.I.;

**EY-088:015** *Steinar* heimild um bústað

[Fjórða býlið í Hvammi var] um skeið á steinotta holtinu beint austur frá bænum, efst í Hvammsengi. Hét það Steinar, og ætíð kallað "á Steinum".

**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.

**EY-088:016** *Litli-Hvammur* heimild um bústað

Austan við Hvammsengið er víðáttumikið beutilandsflæmi, sem kallast Hvammsreitir. Þar niðri við sjóinn myndaðist um skeið vísir að sjávarþorpi, er nefndist Sjávarbakki. Þar er nú aðeins eitt býli, Litli-Hvammur, og er það oftast kallað Sjávarbakki. Hin býlin hétu Ásbyrgi og Háagerði, og svo er Gilsbakki nokkru ofar, nýbýli. Svo segir í örnefnalýsingu, en í BE.I. segir að býlin hafi verið 6, (sum þurrabúðir) og farið í eyði um 1950 nema Sjávarbakki.

**Heimildir:**Örn.Jóh.Ól.; BE.I.

**EY-088:017** *Ásbyrgi* heimild um býli

Austan við Hvammsengið er víðáttumikið beutilandsflæmi, sem kallast Hvammsreitir. Þar niðri við sjóinn myndaðist um skeið vísir að sjávarþorpi, er nefndist Sjávarbakki. Þar er nú aðeins eitt býli, Litli-Hvammur, og er það oftast kallað Sjávarbakki. Hin býlin hétu Ásbyrgi og Háagerði, og svo er Gilsbakki nokkru ofar, nýbýli. Svo segir í örnefnalýsingu, en í BE.I. segir að býlin hafi verið 6, (sum þurrabúðir) og farið í eyði um 1950 nema Sjávarbakki.

Í fornleifaskrá GÓ yfir Arnarneshrepp frá 1985, er nefnd eyðibýlatóft (nr. 63) um 100 m suður af Sjávarbakka. Óljóst er hvort þar kunni að vera leifar Ásbyrgis eða annarra býla.

**EY-088:018** *Háagerði* heimild um býli

Austan við Hvammsengið er víðáttumikið beutilandsflæmi, sem kallast Hvammsreitir. Þar niðri við sjóinn myndaðist um skeið vísir að sjávarþorpi, er nefndist Sjávarbakki. Þar er nú aðeins eitt býli, Litli-Hvammur, og er það oftast kallað Sjávarbakki. Hin býlin hétu Ásbyrgi og Háagerði, og svo er Gilsbakki nokkru ofar, nýbýli. Svo segir í örnefnalýsingu, en í BE.I. segir að býlin hafi verið 6, (sum þurrabúðir) og farið í eyði um 1950 nema Sjávarbakki.

Í fornleifaskrá GÓ yfir Arnarneshrepp frá 1985, er nefnd eyðibýlatóft (nr. 64) um 100 m suður af Sjávarbakka. Óljóst er hvort þar kunni að vera leifar Háagerðis eða annarra býla.

**EY-088:019** heimild um sel

Selás [er] suður og upp frá bæ og Selmýrar þar ofan við.

**Heimildir:**Örn.AJ

**EY-088:020** heimild um mógafir

...á milli Reiðholts og Seláss er sund er Grófin heitir, þar var svarðartekja og Reiðholtið notað fyrir þurrkvöll.

**Heimildir:**Örn.AJ

**EY-088:021** heimild um útihús

Suður á túni, sem eru harðvellishólar voru skepnuhús áður, þar heitir Þríhyrningur.

**Heimildir:**Örn.AJ

**EY-088:022** heimild um áveitu

Suður á túni ... eru harðvellishólar. ... Á þessa hóla var veitt vatni áður ofan úr Selási, en þar sem landið er lægra rétt vestan við hólana þurfti að hlaða garð til að veita vatninu eftir, og hefur þar verið allmikið mannvirki.

**Heimildir:**Örn.AJ

**EY-088:023** heimild um leið

...út við Pálmholtslæk [eru] Jaðrar, sem sjaldan festir snjó á. Neðar er Brúarhóll og þar liggur neðri vegur nú en voru reiðgötur áður, sem var aðalvegur milli sveita

**Heimildir:**Örn.AJ

**EY-088:024** heimild um landamerki

Á merkjum að sunnan sést móta fyrir garði, sem liggur ofan frá veg og niður eftir.

**Heimildir:**Örn.AJ

**EY-088:025** heimild um lendingu

Í fornleifaskrá GÓ um Arnarneshrepp frá 1985 eru 2 varir (nr 62 í skrá hans) sagðar vera um 60 m suður af Sjávarbakka.

## **SP-310 Héðinshöfði**

40 hdr. 1712. Bændaeign. Í Sturlubók segir: "Heðinn ok Höskuldr, synir Þorsteins þurs, fóru til Íslands ok námu fyrir innan Tunguheiði. Heðinn bjó at Héðinshöfða ok átti Guðrúnu." ÍF I, 275. 1296 er jörðin nefnd í rekaskrá Jörundar biskups og Sigurðar lögmans. DI II, 316. 1296 er jörðin nefnd í rekaskrá Hólastaðar. DI II, 318. 1403 er jörðin nefnd í sálugjafarbréfi Halldórs Loftssonar þegar hann gefur kirkjunni á Grund reka H. DI III, 685. 1430 er jörðinni skipt upp í tvíbylisjörð milli bræðranna Halls og Finns Ásgrímssonar. DI IV, 436-437. 1433 lætur Jón biskup á Hólum Ólaf Eyjólfsson fá part Hólastaðar í Höfða í Höfðahverfi fyrir jörðin Héðinshöfða á Tjörnési. DI IV, 526. 1471 selur Þorgerður Magnúsdóttir Finnboga Jónssyni hálfan Héðinshöfða með hálfri Lundey og eins mans öngulveiði í Botnsvatni fyrir 20 hdr. jörð. DI V, 616-617. 1518: Málfríður fær séra Jóni í Laufási umboð sitt yfir hálfum Héðinshöfða. DI VIII, 668-669. 1541 er Héðinshöfði seldur fyrir jörðina Hafralæk í Aðaldal og 10 hdr. að auki. DI X, 620. 1541 arfleiðir Jón Finnbogason prestur Málfríði dóttir sína að Héðinshöfða, sem er þá 40 hdr. jörð. DI X, 665-666. 1548 er jörðin nefnd í kaupmálabréfi Nikulásar Þorsteinssonar og Sigríðar Einarasdóttur. DI XI, 667-668. 1568 eru landamerki Héðinshöfða og Bakka "... eignadi nefndri jodu Hiedinshaufdaland sudur j þann læk sem rennur fyrer utan sialft gierdit sem þar er aa mille og kallad er Asgistades. og hann hieilt adur Reydaraa runnit hafa. enn fader menn eignadi Backa land ut j Reydaraa sem nu rennur." DI XV, 75. 1569 var Héðinshöfði seldur. DI XV, 208. 1631 er Héðinshöfði seldur Nikulási Einarssyni. Jarðabréf, 243. 1667 lýsir Magnús Björnsson því að Nikulás Einarsson hafi lofað að selja sér Héðinshöfða - AÍ VII, 119. Haustið 1686 rak á reka Héðinshöfða franskt sluppskip, allt borað og sundur rífið, virt með bjarglaunum 16,5 álnir. - AÍ VIII, 158. 40 hdr 1712 með hjáleigum, heimajörðin með eyðihjáleigunni 32 hndr. 1712 3 hjáleigur Hólakot og Tröllakot í byggð en Gata í eyði. 1842: "Héðinshöfði, 30 hundruð." SSÞ, 191. Jörðin lengi verið tvíbylisjörð, HI og HII. "Heiðarlandið er breitt allt til merkja við Fjöll í Kelduhverfi, vel grónar lágheiðar austur að gróðurlitlum fjallgarðinum. ... Lundey tilheyrir báðum Héðinshöfðajörðunum. Þar er mikið lundavarp, og heyskapur var þar stundaður til skamms tíma. Nú er eyjan aðeins notuð til sumarþeirra sauðfjár." BBSÞ 1963, 633-634 "Héðinshöfðaland markast að sunnan af Reyðará, sem er landamerki jarðarinnar og Húsavíkur og jafnframt hreppamörk, frá sjó þar til áin beygir til suðurs neðan við Selmýri sem er í Húsavíkurlandi. Héðinsvík sem Reyðará rennur í, markast að sunnan af Bakkahöfða en að norðan Héðinshöfða." Ö-Héðinshöfði 1.

11,5 ha 1917. 1471 er túninu skipt í tvennt og fær annar hlutinn "halft fios ok halfa hlauduna fyreR nedan kirkiuna ok lambhus ut a uellinum. vavll allan sudur j grof þa er liggvR ofan epteR vellinvm fyrer nedan ok sunan been ok upp ath gautu þeire er liggur sudur epter vellinum ok Rettysne ok grofine ofan j uallar garden ok suo langt ut fra ok austur sem uavllur uinzst ok uauill fyreR ofan been sudur ath gautu þeire eR liggur fyrer sunnan hvsin." DI V, 617-18. 1712: "Engjar öngvar, nema hvað henda má í útöngum, sem þó er mjög lítið. Úthagarnir eru bjarglegir." JÁM XI, 259. "Neðan við bæinn eru flatlendar mýrar, þar var engi víðlent, en snöggslegt." BBSÞ 1963, 633. Engjar voru víðáttumiklar um mýrarnar en heldur snöggslegt.

**SP-310:001** *Héðinshöfði* bæjarhóll bústaður

"Þá er eftir að geta um hvar talið er að bærinn hefur staðið áður. Upp við vallargarð, efst í túni Úlfs, rétt norðan við þar sem nú er rabbabagarður, voru miklar tættur, reyndar á fleiri stöðum. En þarna er giskað á að bærinn hafi staðið." segir í örnefnalýsingu. Gamla bæjarstaðið er um 100 m norður af yngra íbúðarhúsinu að Héðinshöfða II, og um 150 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Héðinshöfða I. Í sléttuðu túni. Ekki sést til fornleifa. Bæjarústunum var ýtt út. Sunnan við þær var allstór garður. Þær er nú rabbabarabeð, sem er talsvert minna en garðurinn var.

**Heimildir:**BBSÞ 1963, 633; Ö-Héðinshöfði, 6

**SP-310:002** *Bænhúsbeð* heimild um bænhús

Í jarðaskipta bréfi frá 1471 er getið um "halft fíos ok halfa hlauduna fyrer nedan kirkiuna ok lambhus ut a uellinum." - "Hálfkirkja eður bænhús er hjer, og embættað þá heimafólk var til sacramentis inn til bóllunnar, síðan ekki." segir í Jarðabók Árna og Páls frá 1712. 1842 sáust enn merki um bænhúsið samkvæmt sóknarlýsingu. "Þá er eftir að geta um hvar talið er að bærinn hefur staðið áður. Upp við vallargarð, efst í túni Úlfs, rétt norðan við þar sem nú er rabbabagarður, voru miklar tættur, reyndar á fleiri stöðum. En þarna er giskað á að bærinn hafi staðið. Þær var Bænhús og blettur við, kallað Bænhúsbeð. Þær sást fyrir grafreit, en nú er allt komið í tún." Bænhús þetta mun hafa staðið 160-170 m norðaustur af bæjarhólnum. Indriði Úlfsson man vel eftir hringlaga gerði, á að giska um 10 m í þvermál og þúfum inni í, sem hann telur að gætu hafa verið leiði. Faðir hans, Úlfur Indriðason er fluttist að Héðinshöfða árið 1927, var vantrúaður á þetta.

Í sléttuðu túni

Ekki sést til fornleifa. Gerðið var sléttað á þann hátt að veggirnir voru felldir inn í það. Heimildamenn muna hvorugur eftir sögum um að bein hafi komið upp á þessum stað.

**Heimildir:**DI V, 617; JÁM XI, 258; SSP, 191; Ö-Héðinshöfði, 6;

**SP-310:003** *Hornhús* heimild um útihús

"Suðaustur af bæ í horni gömlu túngirðingarinnar [014?] (grjótgarður) voru útihús, kölluð Hornhús." segir í örnefnalýsingu. Hornhús voru á hól rúmlega 100 m suðaustur af gamla steinhúsinu (eldra íbúðarhúsið á Héðinshöfða II).

Í túni. Nýrra íbúðarhúsið á Héðinshöfða II stendur á þessum stað.

**Heimildir:**Túnakort 1917, Ö-Héðinshöfði, 5

**SP-310:004** *Garðshorn* heimild um fjárhús

"Gata, eyðihjáleiga. Bygð fyrir manna minni í heimatúninu, en hefur nú í eyði legið næstu 2 ár. Fyrst stóð hjáleigan nokkuð ofar, og var þá kölluð Garðs Horn." segir í jarðabók Árna og Páls. "Þær sunnan við er stór hóll er nýja húsið stendur á, kallast Háhóll. Þær neðan við, syðst og neðst í gamla túninu, var býlið Gata [005]. Þær var síðast búið 1921. ... Annars er sagt að býlið hafi verið ofar í túninu og þá nefnt Garðshorn. Nú er búið að slétta yfir." segir í örnefnalýsingu. Þær sem hjáleigan stóð var síðast fjárhús sem sýnt er á túnakorti frá 1917, um 100 m austur og ofar en Gata 005.

Í sléttuðu túni. Ekki sést til fornleifa. Á þessum stað var mikill túngarður sem nú hefur verið sléttaður og tóft í horninu á honum. Segir heimildamaður að sér hafi verið sagt að það hafi verið fjárhús.

**Heimildir:**Túnakort 1917, JÁM XI, 260; Ö-Héðinshöfði, 5.

**SP-310:005** *Gata* heimild um býli

"Gata, eyðihjáleiga. Bygð fyrir manna minni í heimatúninu, en hefur nú í eyði legið næstu 2 ár. Fyrst stóð hjáleigan nokkuð ofar, og var þá kölluð Garðs Horn." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Gata, í landi Héðinshöfða í heimatúni, óvíst hvenær byggt, í eyði síðan 1916." segir í Byggðum og búum. "Þær sunnan við er stór hóll er nýja húsið stendur á, kallast Háhóll. Þær neðan við, syðst og neðst í gamla túninu, var býlið Gata. Þær var síðast búið 1921. ... Nú er búið að slétta yfir." Gata var um 150 m suðvestur af íbúðarhúsi á Héðinshöfða II, um 80 m austur frá þjóðvegi og um 40 m norðvestur frá heimreið.

Í sléttuðu túni.

Ekki sést til fornleifa. "Gata var gömul hjáleiga í heimatúni. Hún fór í eyði 1710, og ekki vitað um byggð þær síðan fyrr en á dögum Benedikts Sveinssonar. Hann byggði þær yfir ráðsmann sinn Stefán Halldórsson að nafni. Gata hlaut með nokkrum hætti heimsfrægð, því Einar Benediktsson vitnað til þess í erlendu riti,

hve bóndinn þar gat lifað við lítinn bústofn, og vildi þar með sanna gæði landsins." segir í Lýsingu Suður Þingeyjarsýslu.

**Heimildir:**JÁM XI, 260; BBSÞ 1985, 583; Ö-Héðinshöfði, 5; LSP, 374, Túnakort 1917

**SP-310:006** *Bensahús* heimild um útihús

Norðarlega í túni, 70-80 m austur af íbúðarhúsi Indriða, Héðinshöfða I., var tóftarbot. Það var kallað Bensahús.

Í sléttuðu túni. Ekki sést til fornleifa.

**Heimildir:**Túnakort 1917

**SP-310:007** *garðlag* túngarður

Norðan við íbúðarhúsið á Héðinshöfða II er suðurendi túngarðs. Sundpollurinn 038 er útbúinn við þennan túngarð.

Túngarðurinn er ofan, eða austan við ræktað tún upp af þjóðvegi, og nokkru austar en gamla bæjarstæðið 001, sem er ofarlega í túni. Túngarðurinn er um 130 m langur og um 0,8 m breiður. Er hann mishár, þó mest um 1,5 m

**SP-310:008** *Sandholt* heimild um býli

"Um aldamótin síðustu voru reist nokkur býli í Héðinsvík og stundaður útvegur þaðan, en öll voru þau skamma hríð í byggð." segir í Byggðum og búum frá 1963. "Sandholt, í landi Héðinshöfða við Héðinsvík, byggt 1904, fór í eyði 1930." segir í Byggðum og búum frá 1985. Í örnefnalýsingu segir "Sunnantil við víkina, um 200 metra norðan ár, voru tvö hús, annað á bakkabrún er nefndist Héðinsvík. ... Litlu utar og ofar var annað hús, Sandholt. Þar var grasbýli, túnblettur í kring, Sandholtstún." Sandholt var 40-50 m austur frá sjó og 20-30 m sunnan við sjávarveg frá Héðinshöfða.

Í sléttuðu túni.

Í Sandholti var búið á sumrum í allmörg ár eftir að heilsársbúskapur lagðist af, en nú hefur verið sléttað yfir hússtæðið. Þar vottar ekki fyrir mannvistarleifum á yfirborði.

**Heimildir:**BBSÞ 1963, 634; BBSÞ 1985, 583; Ö-Héðinshöfði, 1; Túnakort 1917

**SP-310:009** *Fjóslóð* heimild um fjós

"Austan við [hús Benedikts Sveinssonar] var smábeð, Snúrubeð. Neðan við var fjós og hlaða, bletturinn að læk kallast Fjóslóð." Fjósið var um 30 m norðvestur af gamla íbúðarhúsinu á Héðinshöfða II.

Ekki sést til fornleifa. Fjósið var rifð og sléttað yfir skömmu fyrir 1960.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 4

**SP-310:010** *Héðinshöfði II* hús bústaður

"Bærinn stendur hátt, ofarlega á gamla túninu." segir í Byggðum og búum. Benedikt Sveinsson sýslumaður byggði steinhús á Héðinshöfða 1880 sem enn stendur og tilheyrir það nú Héðinshöfða II. Þar sem húsið stendur hafði verið bær frá 1859 a.m.k.

Hér er um að ræða hús úr hlöðnum steini, kjallara hæð og ris. Vestur- og austur- gafl eru úr timbri. Húsið er bárujárnsklætt.

**Heimildir:**BBSÞ 1963, 634

**SP-310:011** *Hólkot* tóftir býli

Árið 1431 skiptu bræðurnir Hallur og Finnur Ásgrímssynir milli sín jörðinni. Sá sem hafði ytri völlin fékk Hólkot til slægna ásamt Krossteigum suður við á. "Hólkot, önnur hjáleiga. Bygt fyrir manna minni út frá heimajörðunni, afdeilt einasta að túni, en öðrum landsnytjum óskift." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712 og var kotið þá metið á 3 hdr. "Hólkot, í landi Héðinshöfða austur frá túni, óvíst um fyrstu byggð, fór í eyði um eða eftir 1712." segir í Byggðum og búum. "Enn sér fyrir garði í kringum Hólkot og Kárhól. Á Hólkoti hefur verið skilarétt, sér fyrir 2 stórum hólfum og 8 minni í kringum." segir í örnefnalýsingu Héðinshöfða. "Hólkot nefnist forn eyðihjáleiga frá Héðinshöfða, og var það nefnt eyðikot á 15. öld, en í byggð aftur 1712. Það var austur frá túni og átti afdeildan kýrfóðursvöll, en aðrir landsnytjar sameiginlegar." segir í örnefnalýsingu fyrir Hólkot. "Hólkot: Rétt er, að það sé talið eyðikot á 15. öld, í byggð 1712. 1760 er það metið sér, svo að trúlega hefur þá verið búseta þar." segir í Lýsingu Suður Þingeyjarsýslu. Hólkot er NA af bæ, um 6-700 m.

Í móum sem hallar móti vestri, vaxnir grasi, lyngi og lágu kjarri.

Rétt úr torfi með 2 stórum hólfum og 8 minni. Réttin er um 37x25 m að utanmáli og er hleðsluhæðin um 0,8 m. Norðan og austan við réttina eru óglöggar tóftir og vestan hennar og neðar í brekkunni 3 tóftir sem allar eru innan túngarðs sem umlykur svæðið.

**Heimildir:**DI IV, 436-437; JÁM XI, 260; BBSÞ 1985, 583; Ö-Héðinshöfði, 4; Ö-Hólkot ath og viðb, 1; LSP, 374

**SP-310:012** tóft

Tóft er á lágu holti skammt norðvestur af Langholti, sem er 400-500 m NV af bæ

Tóftin virðist vera um 6x3,5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Hún gæti hafa verið lengri, en það er þó óljóst.

**SP-310:013** Höfðagerði heimild um beitarhús

"Nokkru austan við Höfðanef á bakkabrún voru beitarhús, kölluð Höfðagerði. Túnið í kring, Höfðagerðistún ..." segir í örnefnalýsingu, Beitarhúsin voru í norðausturhorni túnsins. Í Fornbréfasafni er talað um stekki á þessum stað 1431: "so ok skylldv bader hafa stecka aa hofdagierdi."

Svæðið sjálf er um 40x25 m að stærð. Voru þar 4 hús sem hvert um sig rúmaði um 60 kindur. Snéru þau austur-vestur. Hafði Bjarni, faðir Jónasar eitt, Óskar bróðir hans eitt og Úlfur, faðir Indriða tvö. Húsið sem tilheyrði Bjarna var með grindum og gördum sem mátti draga upp á milli gjafa. Grindur voru allar úr rekaviði. Húsin voru frá tíð Benedikts Sveinssonar. Nú sjást engar mannvistarleifar á yfirborði á Höfðagerði. **Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 2; Túnakort 1917,DI IV, 436

**SP-310:014** Héðinsvík tóft bústaður

"Um aldamótin síðustu voru reist nokkur býli í Héðinsvík og stundaður útvegur þaðan, en öll voru þau skamma hríð í byggð." segir í Byggðum og búum frá 1963. "Héðinsvík, í landi Héðinshöfða við Héðinsvík, byggt upp úr aldamótunum 1900, fór í eyði 1930." segir í Byggðum og búum frá 1985. Í örnefnalýsingu segir "Sunnantil við víkina, um 200 metra norðan ár, voru tvö hús, annað á bakkabrún er nefndist Héðinsvík. Þar voru þrjár íbúðir, ekki fylgdi grasnyt, voru þar aðallega sjómenn." Húsin voru 50-60 m sunnan við sjávarveginn, þar sem hann liggur að sjónum.

Leifar byggingarinnar eru á sjávarbakka og er vesturhlíð hrunin fram af bakkanum að mestu.

Kjallaragrunnur. Leifar af steypuveggjum með miklu af smáum ferköntuðum steinum í steypunni. Grunnurinn er um 14x4 m að stærð og er hann um 1 m dýpri en yfirborðið umhverfis. Norðan við grunninn eru undirstöður um 4x6 m stórrar viðbyggingar. Jónas Bjarnason hefur heyrt að viðbygging þessi hafi verið geymslustaður fyrir veiðarfæri o.fl.

**Heimildir:**BBSÞ 1963, 634; BBSÞ 1985, 583; Ö-Héðinshöfði, 1

**SP-310:015** Svarðarholt náma mógrafir

"Skammt sunnan og ofan við Sandholt, suður við ána, er lítið holt, Svarðarholt. Þar var breiddur svörður. Rétt ofan við eru miklar Svarðargrafir. Voru tvær stungur af jarðvegi, síðan 14 stungur svörður með tveim leirlögum. Tekið var upp fram að 1957." segir í örnefnalýsingu, Svarðargrafir eru austan við Svarðarholt. Gamlar og grónar svarðargrafir. Grafirnar eru á svæði sem er um 40x40 m að stærð.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 1

**SP-310:016** Geirhús tóft+garðlag fjárhús

"Nokkru utar í vikinni [en 008], var fjárhús og hlaða, nefndist Geirhús, eftir þeim er byggði." segir í örnefnalýsingu, Fjárhústóftin er um 200 m norður af sjávarvegi frá Héðinshöfða.

Nú í afgirtu landi en óræktuðu. Harðlendur sjávarbakki er næst sjó en mýrar þegar fjær dregur.

Tóftin er glögg, vestast lítið hólf, stærra í miðju og annað lítið austast. Í miðhólfinu mótast óljóst fyrir garða en hvergi sjást dyr. Tóftin er um 15.5x7.5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðsluhæð er allt að 1 m. Frá norðausturhorni tóftarinnar liggur garðlag til austurs, lítur út fyrir að vera gamalt en er býsna mikið um sig. Það fjarar út eftir því sem fjær dregur tóftinni og hverfur alveg eftir um 130 m. Garðurinn er um 1 m breiður og allt að 0,8 m hár næst rústinni en lækkar svo til austurs. Þar er hann þó mjög reglulegur og þráðbeinn. Líklega er hann hluti af miklu kerfi áveitugarða og skurða, sjá 018. Norðan við tóftina rennur lækur til sjávar í gilskorningi. Norðan við skorninginn, um 15 m norður af austurenda tóftarinnar, liggur



garðlag í sveig til norðvesturs, alls rúma 30 m. Hugsanlegt er að garður þessi tengist áveitu 018 en þó virðist líklegra að dálítill túnskiki hafi verið girtur af í tengslum við beitarhúsin. Við norðurenda garðsins er grösugt og mishæðótt svæði, allt að 40 x 30 m stórt og er ekki útilokað að þar leynist eldri mannvistarleifar þótt ekki sjáist veggjaskil. Gæti þá bogadregni garðurinn jafnvel verið gamall túngarður.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 1

**SP-310:017** tóft

Ferhyrnd tóft er um 30 m sunnan við heimreið að Héðinshöfða II og um 30 m neðan við lágan mel. Tóftin er 60 m ofan við bíslóða sem liggur samsíða þjóðvegi ofan hans. Lítill lækur rennur 10-20 m ofar og beygir svo til vesturs og rennur 5 m vestan við tóftina. Fremur slétt svæði, vaxið grasi og lyngi.

Tóftin er 6 x 6 m að stærð og er op á miðjum suðurvegg hennar. Hún er grasi gróin og er mest 0,3-0,4 m á hæð.

**SP-310:018** Flæðiengi garðlag áveita

Í örnefnalýsingu segir: "Mýrin frá Geirhúslæk að Breiðaskurði, nefnist Geirhúsflæði, sem er syðsti hluti mikilli Flæðiengja, sem Benedikt Sveinsson lét gera og veitti Reyðaránni á engin. Breiðaskurður er hluti af því skurðakerfi, veitti vatninu burt." Síðar í sömu lýsingu segir: "Hér [eftir 015] er komið að víðlendum mýrum, sem skiptast eftir áveituskurðum eða gördum. Næst Hólfum og túni, Húsflæði þá Ystaflæði, Miðflæði og Syðstaflæði og er þá komið að Breiðaskurði. Þar sem Breiðiskurður og áveitugarður koma saman, utan og ofan við Krók, heitir tungan Görn." segir í örnefnalýsingu. "Reyðará veitti hann á hinar flötu mýrar og hlóð þar flóðgarða ..." segir í Lýsingu Suður Þingeyjarsýslu. Allar þessar lýsingar eiga við gríðarmikið áveitukerfi sem er norðan og austan við krikann þar sem Héðinshöfði mætir landi að sunnanverðu.

Slétt grasi vaxið land, víða mjög mýrlent.

Áveitukerfið er mjög heillegt. Syðsti hluti þess er norðan og austan við Geirshús 016 og er garður, sem líklega er einn áveitugarðanna, sambyggður austurenda hússins. Alls nær áveitan allt að 500-600 m til norðurs og allt að 600 m til austurs eða allt að þjóðvegi.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 1; LSP, 374; Ö-Héðinshöfði, 3

**SP-310:019** frásögn heystæði

Heystæði var á hól norðarlega í túni, rétt norðan við 002, og um 100 m austur af íbúðarhúsinu á Héðinshöfða I. Það er nú horfið undir tún.

**SP-310:020** hleðsla leið

Innan við 10 m ofan við þjóðveg en um 15 m norðan við Reyðará sjást merki um veg. Vegurinn hefur legið til austurs frá núverandi þjóðvegi (hefst ofan við skurð sem er samsíða þjóðvegi ofan hans) og beint yfir svæði sem nú er orðið að túni (fer 1 m norðan við rafmagnsstaur í túninu). Þar virðist vegurinn liggja á annan veg sem liggur norður-suður.

Gamli vegurinn hefur nú verið sléttaður í tún að hluta þó að vel megi enn sjá móta fyrir honum.

Vegurinn liggur í um 50 m til austurs en hefur þá legið á annan veg sem legið hefur norður suður. Á þeim spotta má greina hlaðið ræsi. Vegurinn hefur verið upphlaðinn. Hann er sjálfsagt ekki mjög gamall, e.t.v. gerður 1930-40.

**SP-310:021** tóft skemma

Rúst af kartöflukofa er norðaustarlega á Héðinshöfða, 430 m norður af tóft 067.

Húsið hefur verið grafið inn í bakka. Tóftin er opin mót suðri, veggir þykkir og allt að 1 m háir, eingöngu úr torfi að því er virðist. Þeir eru eilítið rofnir að framanverðu og ekki loku fyrir það skotið að hrúnið hafi úr fremsta hluta þeirra. Tóftin er um 5 x 5 m stór og líklega byggð um miðbik 20. aldar.

**SP-310:022** heimild um leið

"Á norðausturhorni horni [Lundeyjar] er leið sem kindur eru reknar niður í fjöru." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 2

**SP-310:023** garðlag túngarður

"Sunnan við austurhluta Höfðagerðistúns [013], eða Gamlatúns sem kallað var, er blettur báðum megin við lækinn er kallast Hólfin. Fyrirstöðugarðar vegna áveitu að sunnan og austan, en túngarður að norðan, svo garðarnir mætast við lækinn." segir í örnefnalýsingu.

Landi hallar austur af höfðanum, en er fremur slétt.

Garðlag var umhverfis Höfðagerðistúnið og annar sem skipti því. Hluti stendur eftir af honum, 150-200 m langur.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 3

**SP-310:024** frásögn öskuhaugur

Um 20 m suðvestur af gamla bæjarstæðinu var hóll sem nú hefur verið sléttaður.

Í sléttu túni. Þar gróf Indriði Úlfsson gryfju og kom þá niður á þykk öskulög. Nú er búið að taka um 1 m ofan af hólnum.

**SP-310:025** tóft fjárhús

Vegur er niður að sjó milli túns að sunnan og lands þar sem nú er tún tún að norðan. Á sjávarbakka örskammt sunnan við vesturenda vegarins er tóft. Hún er nánast í hásuður frá bæjarhúsum.

Á grasi vöxnum sjávarbakka

Tóftin snýr norður-suður, er 8x4,5 m að stærð og hleðsluhæð 0,4 m. Hún er talsvert sokkin og grasi vaxin, en þó sést vel móta fyrir henni. Tóftin var skoðuð við aðalskráningu fornleifa á Tjörnesi 1999 en fannst ekki á ný þegar athugun var gerð fyrir deiliskipulag. Samkvæmt minjakorti frá 1999 hefur hún verið skammt vestan við býlið Sandholt 008.

**SP-310:026** *Hólfin* heimild um áveitu

"Sunnan við austurhluta Höfðagerðistúns [016], eða Gamlatúns sem kallað var, er blettur báðum megin við lækinn er kallast Hólfin. Fyrirstöðugarðar vegna áveitu að sunnan og austan, en túngarður að norðan, svo garðarnir mætast við lækinn." segir í örnefnalýsingu.

Grasi vaxið land og nokkuð slétt.

Hólfið er um 150x80 m að stærð, og er afmarkað af gördum.. Túngarður að norðan er tileyrir Höfðagerðistúninu, en garðarnir á hinar hliðarnar tilheyra áveitumannvirkjunum.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 3

**SP-310:027** náma mógrafir

"Austan við Götulæk nær vegi er stórt svæði, sundurgrafið, Svarðargrafir. Tekin var upp svörður fram að 1954 og var svörðurinn þurrkaður á túni rétt norðan við, nefnd Grundargerðistún." segir í örnefnalýsingu. Mógrafir eru á svæði ca 200 m SV við íbúðarhúsið að Héðinshöfða I.

Flatlendi, mýrlent.

Hér er um að ræða allstórt svæði, og hafa verið mógrafir þar víða, margar litlar. Svæðið í heild er um 100x150 m. Eru mógrafir greinilegastar á um 10x30 m stóru svæði.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 3

**SP-310:028** *Grundargerði* heimild um fjárhús

"Austan við Götulæk nær vegi er stórt svæði, sundurgrafið, Svarðargrafir. Tekin var upp svörður fram að 1954 og var svörðurinn þurrkaður á túni rétt norðan við, nefnd Grundargerðistún. Þar voru útihús er kölluðust Grundargerðishús eða Grundargerði." segir í örnefnalýsingu. Þetta er vestan við íbúðarhús Indriða Úlfssonar, Héðinshöfða I, og vestan við þjóðveginn.

Sléttað tún

Aðeins má sjá ummerki þess að á þessum stað hafi verið sléttað úr byggingu, en án þess að hægt sé að greina stærð eða lögun. Grundargerðishús voru fjárhús, hesthús, og rétt sem Úlfur, faðir Indriða reisti.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 3

**SP-310:029** *Torfsund* heimild um ristu

"Frá Grundargerði [028] út að Langholtsbökkum, sem er út við sjó, er samfelld mýri, Langholtsmýri. Spöl neðan við veg, er allmikið holt nokkuð samfelld út á Bakka, kallast Langholt. Út að því nær Norðurmýri. Vestan við Langholt er lítið holt, kallað Litla-Langholt. Frá því út að Bökkum er sléttlendi, áður deiglent, kallast Torfsund. Þar var rist torf meðan engja heyskapur var mestur og hey sett saman á staðnum." segir í

örnefnalýsingu.

Slétt mýrlendi.

**Heimildir:** Ö-Héðinshöfði, 3

**SP-310:030** 7 tóftir heygardur

"Frá Grundargerði [028] út að Langholtbökkum, sem er út við sjó, er samfelld mýri, Langholtsmýri. Spöl neðan við veg, er allmikið holt nokkuð samfelld út á Bakka, kallast Langholt. Út að því nær Norðurmýri. Vestan við Langholt er lítið holt, kallað Litla-Langholt. Frá því út að Bökkum er sléttlendi, áður deiglent, kallast Torfsund. Þar var rist torf meðan engja heyskapur var mestur og hey sett saman á staðnum." segir í örnefnalýsingu. Á Langholti má sjá leifar af einum 6 eða 7 heygörðum.

Lágt grasi vaxið holt.

Fimm af þessum heygörðum eru vel greinilegir, og eru hleðslur allra mjög signar. Tvær þústir eru þar til viðbótar sem gætu verið leifar heygarda. Svæðið sem þessar tættur eru á er ca 30 x 30 m. Um 20 m norðvestur af heygörðunum er um 30 m langt garðlag. Er það um 1 m á breidd og er hleðsluhæð þess um 0,3 m. Garðlagið liggur austur-vestur.

**Heimildir:** Ö-Héðinshöfði, 3

**SP-310:031** *Tryggvahús* tóft fjárhús

"Norðan við Langholt [sjá 030], út við fjöru er smá melbunga, kallast Langholtsmelur. Þar sem melur og Langholt mætast byggði maður að nafni Tryggvi fjárhús og hlöðu, Tryggvahús." segir í örnefnalýsingu.

Á grasi vöxnum bakka, um 30 m frá fjörunni.

Tóftin er um 14x5,5 m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 0,3 m. Tóftin er útlöft. Sér fyrir garða í miðju.

**Heimildir:** Ö-Héðinshöfði, 3

**SP-310:032** *Tryggvabrunnur* brunnur vatnsból

"Norðan við Langholt [sjá 030], út við fjöru er smá melbunga, kallast Langholtsmelur. Þar sem melur og Langholt mætast byggði maður að nafni Tryggvi fjárhús og hlöðu, Tryggvahús. Rétt austan við var grafinn brunnur, Tryggvabrunnur, er sést enn." segir í örnefnalýsingu.

Grasi vaxinn bakki, 30-50 m frá sjó.

**Heimildir:** Ö-Héðinshöfði, 3

**SP-310:033** *Maríugerði* tóftir

"Frá Héðinshöfða heita þeir Hnefadalshólar. ... Beint í austur frá Hnefadalshólum eru tveir litlir malarhólar, Efri-Hólar. Neðan við þann ytri eru tættur með hringlaga garði, um það bil 100 m. Þvert yfir, kallast Maríugerði, að mestu eða alveg í Eyvíkurlandi." segir í örnefnalýsingu.

Í lyngi vöxnum móum. Malarnám þar sem tekið er efni í Tjörnesveg er um 50 m fyrir norðan rústirnar.

Maríugerðistöftir eru á hól sem er um 25 m frá norðri til suðurs en um 15-20 m frá austri til vestur. Hólinn er suðaustarlega á svæðis sem afmarkast af túngarði og er um 105x68 m að stærð. Hleðsluhæð túngarðsins 0,4 m og er breidd hans um 0,8 m. Nyrst á hólnum er glögg tóft, um 12x9 m að stærð og er hleðsluhæð um 0,5. Nyrst í tóftinni er eitt skýrt hól en sunnar er stærra hól tvískipt, en ekki eins glögg. Þar er hóllinn hæstur. Nokkru sunnar eru leifar af annari tóft og sjást suður- og austurveggur glögglega. Tóftin virðist hafa verið um 10x6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Þar er talsvert þýfi, sem gerir erfiðara að ákvarða hleðsluhæð. Um 20 m sunnan við túngarðinn ery tvær tóftir. Sú vestari er um 7x3 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,6 m. Eystri tóftin er um 5x3 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,6 m. Í hana vantar austurgafi. Þar má líka sjá garðlag er gengur út frá túngarðinum suðaustanverðum og liggur það að Hólkoti 011, og tengist túngarði sem þar er.

**Heimildir:** Ö-Héðinshöfði, 4

**SP-310:034** frásögn fjárhús

Fjárhús voru í túninu hjá Sandholti 008, 20-30 m frá sjó, suðaustur af 056. Þau hafa verið sléttuð undir tún.

Í sléttuðu túni.

**SP-310:035** *Einbúi* heimild um legstað

"J Utmörk edur Landeign Gardsins Hiedinshöfða er einn hóll, og líkast sem Gardur hlandinn um kríng af Jördu þo miög Slitinn og Sundurlaus hóll þessi kallast Einbúi, og er haldinn fyrir Leidi Hiedins þess er fyrst nam land a Tiörnesi og Hiedinshöfði er líklegast vid kenndur ..." segir í fornleifaskýrslu frá 1817.

"Ofarlega á mýrinni, upp af Hólkoti [011], er stakur hóll með grjóti í, heitir hann Einbúi og stendur upp úr sléttir mýrinni. Þar á Héðinn landnámsmaður að vera heygður. Grafið hefur verið í hólinn, en óhöpp stöðvudu verkið. Er sagt að boði ógæfu að róta í haugnum." segir í örnefnalýsingu. " 1865: Stór KOPARHRINGUR forneskjulegur. Hann er allt í kring með eins og perlusetum hálfmánamyndum ... Hringurinn fannst uppblásinn í haug þeim, er EINBÚI heitir á Tjörnesi, og sáust þar engi merki þess, að það væri dys, að sögn þess, er Jón [Sigurðsson á Gautlöndum, gefandi] fékk hringinn hjá." segir í skýrslu um Forngripasafn Íslands frá 1863-1866. Ef gengið er nánast beint í austur frá réttinni í Hólkoti er komið að Einbúa eftir 400-500 m

Hóll sem er mun hærri en mýrin umhverfis, eða a.m.k 2 m.

Hóllinn er um 9-10 m frá austri til vesturs og um 8 frá norðri til suðurs. Hóla er í hann efst, nálega tígullaga, og um 2,5x2 m að stærð (lengri í austur-vestur). Grjót sést í vestari enda holunnar og víða í hlíðum hólins. Þúfnakragi er umhverfis hólinn en óvíst er hvort þar er um mannvirkjaleifar að ræða. Rétt vestan við hólinn má hinsvegar sjá leifar garðlags sem liggur sem næst NNA-SSV. Sagt er að það hafi verið Einar Benediktsson sem hefði látið grafa í hólinn. Það gekk þó ekki áttakalaust því menn voru smeykir við ógæfuna sem átti að fylgja því að róta í haugnum. Einar brá á endanum á það ráð að hella vinnumennina á Héðinshöfða fulla til þess að eiga auðveldara með að fá þá til að vinna verkið. Þetta tókst þó einungis upp að vissu marki því er honum hafði loksins tekist að koma þeim upp á hólinn, þá voru þeir orðnir svo ölvadír að þeir lognuðust allir út af hver á fætur öðrum eftir að hafa stungið upp nokkra hnausa. Mun hólann sem enn sést á hólnum vera til vitnis um þetta.

**Heimildir:** Ö-Héðinshöfði, 4; FF, 609. Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík I, 228

**SP-310:036** *Eyvíkursvörður* náma mógrafir

"Utan við Einbúa [035] kemur lækur undan Ásnum, rennur yfir Hólkotsmýri og í Hnefadal. Í gömlu skránni er hann kallaður Svarðarlækur. Spöl norðar er Eyvíkursvörður, norðan og austan við svörðinn er Svarðarmýri." Um 200 m norðaustur af Einbúa 036. Um 20-30 m norðan við mógrafirnar er nú girðing.

Í sléttu, hallandi mýri, um 50 m frá brekkurótum Áss.

Allt svæðið er um 45x20 m að stærð. Syðst eru djúpar grafir, vatnsfylltar sem eru um 10x20 m að stærð. Ef til vill eru eldri grafir austar, þannig að heildarstærð kann að vera meiri.

**Heimildir:** Ö-Héðinshöfði, 4

**SP-310:037** frásögn fjárhús

Fjárhús eða beitarhús voru í svonefndu Höfðagerðistúni. Jónas Bjarnason vísaði á stað, ca 30 m vestan við 013, þar sem yngri fjárhús höfðu staðið, en sléttað hefur verið yfir þessa staði báða.

Í sléttu túni.

Svæðið er ekki meira en um 20x30 m að stærð. Hér var um að ræða tvö hús sem bæði snéru norður-suður. Bjarni, faðir Jónasar, og Óskar bróðir hans, reistu þessi hús fyrir 1932.

**SP-310:038** *Sundpollur* stífla sundlaug

"Norðan við Fjöslóð [031] var stíflaður pollur við túngarðinn, Sundpollur." segir í örnefnalýsingu. Sundpollurinn er þannig gerður að túngarðurinn myndar vesturhlíð hans, en norður og suðurhlíð hans eru myndaðar af tveimur garðlögum sem koma hornrétt á túngarðinn.

Gróið land utan túns. Tveir lágir garðar liggja því sem næst hornrétt á túngarðinn. Hæð þeirra er mest um 0,4 m og eru þeir um 0,6 m breiðir. Túngarðurinn sjálfur er mun hærri og þykkari, eða um 2 m á breidd og um 1 m á hæð. Heildarstærð sundpollsins er um 33x13 m.

**Heimildir:** Ö-Héðinshöfði, 5

**SP-310:039** *Ullarsteinn* heimild um þvottastað

"Við [Bæjar]lækinn norðan við hús er steinn, er kallast Ullarsteinn. Þar var ull þvegin." segir í örnefnalýsingu. Ullarsteinn er aðeins sunnar en sundpollur 038, norður af gamla íbúðarhúsinu á Héðinshöfða II.

Á austurbakka lækjar. Alltór steinn sem er talsvert sokkinn, en einnig er gróið yfir hann.

**Heimildir:** Ö-Héðinshöfði, 5

**SP-310:040** *Kvíaból* tóft kvíar

"Um 150 m. norðaustan við bæ eru tættur, Kvíaból. Ekki eru sagnir um fráfarur." segir í örnefnalýsingu.

Ofar í brekku og norðar en gamla íbúðarhúsið steinhláða.

Ílöng tóft. Veggir eru nokkuð greinilegir en þó signir. Í tóftinni er nú bárujárnsskúr sem notaður er sem reykkofi og er nýlegur. Tóftin var tvískipt.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 5

**SP-310:041** tóft

Lítill tóft er við lækinn sunnan við Hólkot (004), um 100 m suðvestur af réttinni. Á norðurbakka lækjar. Tóftin er 5x2 m að stærð.

**SP-310:042** *Geithústóft* heimild um geitakofa

"Mýrin norðan við Grund neðan við Götulæk kallaðist Fit. Þar á móti, neðan vegar, er holt, Geitholt. Þar stendur nú minnismerki um Einar Benediktsson. Sunnan í holtinu var tóft er nefndist Geithústóft." segir í örnefnalýsingu. Tóftin var neðan við þjóðveg en fast upp við hann.

Nú sléttað tún og er girðing um það. Vik eða útskot er í girðinguna til vesturs, þar sem minnismerki um Einar Benediktsson er.

Ekki sést til fornleifa.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 5

**SP-310:043** *Gíslahúshóll* heimild um útihús

"Norðan við Götu, í vestur frá gamla húsinu er smáhóll, Gíslahúshóll og voru útihús er kölluðust Gíslahús." segir í örnefnalýsingu. Gíslahúshóll er 100-150 m í hávestur frá gamla steinhúsinu á Héðinshöfða II.

Í sléttuðu túni. Ekki sést til fornleifa.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 5

**SP-310:044** *Jónshús* heimild um útihús

"Og enn norður er hóll í túninu, þar sem hús Úlfs standa, hét hóllinn Jónshúshóll en húsin Jónshús." segir í örnefnalýsingu. Jónshúshóll er skammt austan við þjóðveg.

Lágur hóll. Norðan til á honum stendur steipt útihús, en íbúðarhúsið á Héðinshöfða I að sunnanverðu.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 5

**SP-310:045** *Héðinsvík* heimild um lendingu

"Héðinsvík er sunnan höfðans, talin þrautalending smábáta." segir í Byggðum og búum. Þetta er fyrir neðan staðinn þar sem býlið Héðinsvík 014 var.

Jónas Bjarnason taldi að þetta væri nálægt því sem Héðinsvíkurhúsið stóð. Hann hefur haft bát sinn á þessum stað, rétt sunnan við Héðinsvík. Ekki eru þar sýnileg mannvirki. Notaði Jónas yfirleitt bíl til þess að draga bátinn upp þegar þörf var á.

**Heimildir:**BBSÞ 1963, 633

**SP-310:046** *Heygarður* heimild um heygarð

"Kringum rabbabargararðinn [sjá 001] var stór fjárheldur garður á að giska 40x40 metrar, þar voru hey geymd. Var kallaður Heygarður." segir í örnefnalýsingu.

Sléttað tún.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 6

**SP-310:047** *Duggþúfa* varða

"Þar sem Bæjargil er að eyðast á háásnum er sérkennilegur melhóll og varða sunnan við gilið, kallast Duggþúfa. Engin skýring á nafni, en góð yfirsýn er af þúfunni." segir í örnefnalýsingu. Þúfan er um 80 m sunnan við gilið.

Þúfan er vaxin lyngi en ber melur er þó næst henni. Hún er vestan til í ásnum. Græn þúfa og grjót í henni.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 6

**SP-310:048** *Seltungur* heimild um sel

"Þá er komið upp að Selhólalæk, sem kemur fyrst að sunnan, en síðan suðaustan frá Gyðuhnjúk, er nefnist Gyðuhnjúkakista, eða Kista í daglegu máli. ... Austan við læk eru 2 stórir hólar, heita Selhólar. Annar lækur kemur að suðaustan og mundar tungu við Selhólalæk. ... Tungan milli áðurnefndra lækja heitir Seltungur, neðst Tungusporður. Þarna er talið að Selið hafi verið og benda nöfnin til þess. Sér fyrir mörgum tóftarbrotum ... Þarna var heyjað og það sett saman á staðnum, síðan drógu karlarnir heyið heim á

sleða yfir veturinn ..." segir í örnefnalýsingu. "Sel á Héðinshöfða var í Seltungum upp undir Búrfelli ..." segir í Lýsingu Suður Þingeyjarsýslu. Í fornbréfasafni segir: "hier með skyllði annar hafa selfor j reyðaraarbugvm enn annar j burfelstungu"

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 7; LSP, 374, DI IV, 436

**SP-310:049** *Smalabyrgisflötur* heimild um smalakofa

"Spöl í norðaustri frá Selhólum [048] er harðvellir sléttlendi með grafningum, Smalabyrgisflötur. Út við ána sést fyrir Byrgi, að sumir telja, en aðrir segja að þarna hafi verið sel."

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 7

**SP-310:050** garðlag landamerki

"Norðar, austan við Héðinshöfðamýrar, er svo Hnefadalslækur, sem rennur í sjó. Skammt norðan hans eru merkin milli Eyvíkur og Héðinshöfða, um gamalt garðsslitur." segir í örnefnalýsingu. Sjá má leifar garðlags frá því þar sem malarvegurinn á landamerkjum beygir að útihúsum frá Eyvík og uppundir Þjóðveg.

**Heimildir:**Ö-Héðinshöfði, 1051-1052

**SP-310:051** heimild um lendingu

Slæm lending var við suðurenda Lundeyjar.

**Heimildir:**Jóhannes Björnsson: "Lundey á Skjálfanda" Árb. Þing 1985, 122

**SP-310:052** heimild um verbúð

"Verskálar hafa hjer verið 12 eður 13, sem nú eru niður fallnir nema 2, og bygðu skipaeigendur þá upp af rekanum og brúkuðu landið til ristú og stúngu." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Staðsetning ekki þekkt, en tilgáta Jónasar Bjarnasonar er að verbúðirnar hafi líklega verið á svipuðum slóðum og Héðinsvík 014. Allléttur grasi vaxinn bakki við sjó, vestan túns.

Heimildamaður hefur það eftir sér eldri mönnum að bátar hefðu verið hafðir á víkinni. Þær verbúðir sem hann man eftir voru svo líkar skepnuhúsum að ekki verður séður munur á.

**Heimildir:**JÁM XI, 259

**SP-310:053** heimild um áveitu

"Þá vildi [Benedikt Sveinsson] taka upp Köldukvísl á heiðum uppi og veita í Reyðará til að auka vatnið og fá þangað fiskgengd meiri. Byrjað var á því mannvirki, sem enn sér merki til, en aldrei lokið." segir í Lýsingu Suður Þingeyjarsýslu.

**Heimildir:**LSP, 374

**SP-310:054** tóft

Tóft er frammi á sjávarbakka sunnan við sjávarveginn sbr. 025 og skammt norðvestan við staðinn þar sem áður var býlið Sandholt.

Á grasi vöxnum sjávarbakka. Sjór hefur gengið upp á bakkann, einkum eftir að mól var tekin á þessum slóðum vegna hafnargerðar á Húsavík.

Tóftin er fremst á sjávarbakkanum. Hún er tvískipt og alls 8 x 8 m stór. Vestara hólfið er gleggra. Ekki sést með vissu hvar dyr hafa verið inn í húsið.

**SP-310:055** heimild um fjós

Í sléttuðu túni.

**Heimildir:**DI V, 617

**SP-310:056** heimild um lambhús

**Heimildir:**DI V, 617

**SP-310:057** heimild

Hér er nú sléttuð tún.

**Heimildir:**DI V, 617-618

**SP-310:058** heimild um leið

Hér er nú sléttað tún.

**Heimildir:**DI V, 617-618

**SP-310:059** heimild um túngarð

Í sléttuðu túni.

**Heimildir:**DI V, 617-618

**SP-310:060** heimild um leið

Hér er nú sléttað tún.

**Heimildir:**DI V, 617-618

**SP-310:061** þúst öskuhaugur

150-200 m norður af ósi Reyðarár og 40-50 m suður af steypum kjallara sem eru síðustu leifar býlisins Héðinsvíkur 013, sjást greinileg móöskulög í rofi í sjávarbakkanum.

Á þessum stað er bakkinn um 1 m hár, grösugur og harðlendur að ofan en rofinn af sjávar völdum að vestanverðu.

Greinileg móöskulög sjást á um 5 m löngum kafla og eru þau þykkust um miðbikið, allt að 10-15 sm en fjara út til beggja enda. Lagskipting er greinileg en þó er eitt lagið áberandi þykkast, líklega allt að 7-8 sm. Undir því sést mjög dökkt gjóskulag sem gæti verið V-1477. Yfir móöskulaginu er hins vegar allt að 10 sm þykkt lag af dökkbrúnni fokmold. Á stöku stað sjást viðarkolaleifar og brennd bein, lítur helst út fyrir að um sé að ræða ruslalög. Sjór hefur borið grjót fast upp að rofinu og gerir það vettvangsskoðun erfiða. Ekki eru húsamerki á yfirborðinu en þar er hátt gras og smápýfi. Vegarlóði liggur þar 1,5 - 2 m frá bakkanum. Hugsanlegt er að öskuhaugur þessi tengist byggð í Héðinsvík.

**SP-310:062** þúst

Greinileg, iðagræn þúst er á sjávarbakka við Héðinsvík, rúma 100 m norður af býlinu Héðinsvík 014, um 20 norðan við sjávargötuna frá bæ og að sjó og 30-40 m sunnan við bárujárnsskúr sem er við víkina.

Grösugur og harðlendur sjávarbakki. Hann er rofinn að norðvestanverðu og er þar allt að 4-5 m hár bakki. 10-15 m austan við þústina er fóðurkálssækt.

Þústin sker sig úr, er allt að 1 m há og 5 x 15 m stór norður-suður. Lítið rústarlag er á henni en þó smádæld fremst á bakkanum þar sem hún rís hæst. Sjór hefur brotið mikið af henni og er þverhníptur sjávarbakki að norðvestan, 4-5 m hár. Nokkuð erfitt var að skoða mannvistarlög í rofinu, enda mikill þurrkur og erfitt að komast að sniðinu. Þó eru þar greinileg merki um mannvist allt að 0,7-0,8 m þykk. Þar er töluvert af heillegu torfi en erfitt að meta hvort það er í hleðslum. Ennfremur sjást víða brennd bein og viðarkol og á einum stað grillir í stórt hvalbein en hvalbein voru stundum notuð sem byggingarefni í húsum. Í sniðinu fannst mjög illa varðveittur hnífur, líklega vasahnífur, úr tré og járnei og sjást greinilega koparnabbar þar sem blað og skaft hafa mæst.

**SP-310:063** tóft

Tóft er 100 m suður af tóft 068.

Stallur í gróinni, aflíðandi brekku sem hallar mót austri. 15-20 m eru frá tóftinni til suðurs fram á háan sjávarbakka.

Tóftin er alls 18 x 7 m, sigin en þó dálítill gróska í veggjum hennar. Hún snýr norður-suður en dyr eru ekki greinilegar og ekkert grjót sést í veggjum. Veggirnir eru aðeins 0,2-0,3 m háir en allt að 1,5 - 2 m breiðir.

**SP-310:064** tóft heystæði

Tóft af heystæði er í krika milli tveggja áveitugarða (sjá 018) rúma 300 m NNV af Geirshúsi 016.

Mýrlendi.

Tóftin er nánast hringlaga upphækkun, mjög regluleg en engin dæld í miðju hennar. Hleðsluhæð er 0,6-0,7 m og er tóftin um 5 m í þvermál, algróin.

**SP-310:065** tóft

Tóft er á Héðinshöfða, 200 m norðvestur af heystæði 064 og rúma 100 m norður af unglegum kálgörðum við sjóinn.

Tóftin er á mörkum mýrar og mólendis, utan í þurru holti.

Tóftin er einföld, 4 x 7 m stór og snýr norður-suður með dyr í suður. Hún er einföld en gróskumikil og býsna stæðileg, veggir allt að 0,6 - 0,7 m háir. Ekki sér í grjót í þeim. Hugsanlega er tóftin af heystæði.

**SP-310:066** tóft

Tóft er um 160 m norður af tóft 065.

Tóftin er byggð utan í austurjaðar á lágu holti, á mörkum mýrar og móa.

Tóftin er alls 8 x 5 m, snýr austur-vestur og er austurendinn heldur mjórri en sá vestari eða um 4 m. Tóftin sýnist tvískipt en hvergi mótar þó fyrir dyrum. Gróska er í veggjum og grjót sést ekki.

**SP-310:067** tóft

Lítill tóft er 95 m VNV af tóft 066.

Hún er ofar í sama holti og tóft 066, á barmi viks VIKS?sem gengur inn í holtið til vesturs. Sléttur botn er í vikinu en annars grasþýfi umhverfis.

Tóftin er einföld, um 2,5 x 2 m og engar dyr sjást á henni. Bakkinn sem hún er byggð utan í þjónar að mestu hlutverki norðurveggjar. Veggir eru grjóskumiklir en litlir um sig, 0,2 - 0,4 m háir og algrónir. Tóftin virðist ekki gömul.

**SP-310:068** tóft

Tóft er á sunnanverðum Héðinshöfða, 170 m suðvestur af tóft 067 og 180 m norðvestur af tóft 065.

Harðlend brekka, aflíðandi og smáþýfð, snýr mót suðaustri.

Tóftin er fornleg og sigin, 17 x 7 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Veggir hennar eru útflettir og allt að 2 m breiðir. Tóftin er einföld og virðist sem dyr hafi verið vestarlega á suðurskammhlið. Gróska í veggjum er engin. 30-40 m austar er græn hundapúfa á óljósum þústum, hugsanlegt að þar leynist eldri rústir en það er ekki greinilegt.

**SP-311 Tröllakot**

1712: Jarðardýrleiki 5 hdr. er partur og hjáleiga frá Héðinshöfða...og reiknast áttungur allrar jarðarinnar að dýrleika. Kallaðist áður Tröllagilsgærði. JÁM XI, 260. Hefur fylgt Bakka frá því um miðja 19. öld. Fór í eyði eftir aldamótin 1900. LP I, 370. Húsavíkurhreppur keypti Tröllakot, 2. júlí 1915. SH I, 82.

1919: Tún 1,5 ha. þar af sléttað um 1/2. "Útigangur góður bæði í f<j>örunni og á landi og bregst sjaldan í meðalárum...Torfrista og stúnga næg. Mósкурður hefur að fornu verið, en meinast enn nokkur...Engjar öngvar, nema hvað henda má í úthögum, sem þó er mjög lítið. Úthagar eru bjarglegir..."JÁM XI, 258-260. "Afkoma virðist hafa verið bjargleg, enda sjór til uppbotar landi."SH I, 213. "Tröllakotsland er talið til heiðar milli Tröllagils og Reyðarár. Túnið og bærinn voru á lágum hæðarhring undir heiðarási, en mýri neðan túns allt til sjávar. Útræði allgott..."LP I, 370

**SP-311:001** *Tröllakot* bæjarhóll bústaður

"Í suður frá fossinum [í Reyðará], nálægt vegi, er eyðibýlið Tröllakot. Tröllagilið er sunnan og ofan við bæjartætturarnar.", segir í örnefnaskrá. Um 100 m ofan við þjóðveg og 60 m ofan við vegar slóða sem liggur samhliða þjóðvegi á þessum slóðum eru leifar Tröllakotsbæjar. Tóftin stendur norðarlega á grösugum hólruna. Umhverfis eru sléttuð tún sem nú eru smáþýfð.

"Í Tröllakoti var oft þröngt í bæjarhúsum.", segir í örnefnaskrá. Tóftir Tröllakotsbæjar hafa fallið saman og gróði á síðustu árum. Þær eru óskýrar á kafla og er bílkerra í þeim miðjum. Tóftin er mjög misgreinileg. Hún er um 25-26 m á lengd en 16 m á breidd. Skýrast er hólf syðst í tóftinni en það er grjóthlaðið að innan 8,5 X 2 m. Óljóst má greina 2-3 önnur hólf í tóftinni, þ.á.m. eitt austan við (að baki). Bæjartóftin er aðeins blásin.

**Heimildir:**Túnakort 1919; Ö-Húsavík og Bakkaland, 15

**SP-311:002** tóft fjárhús



Rúmum 30 m (30-40 m) norðaustan við bæ 001 og 10 m ofan við túngarð 008 eru leifar fjárhúss sem merkt er inn á túnakort frá 1919.

Tóftin er á hæð. 5 m ofar er girðing og þar ofan við taka við lyngivaxnir móar. Umhverfis eru annars sléttuð tún sem nú eru smáþýfð.

Tóftin er 13 X 7 m að stærð. Hún er tvískipt. Sunnar er sjálft fjárhúsið með garða eftir miðju en norðar er hlaða að baki. Frá norðvesturhorni tóftarinnar liggur garðlag í samtals um 35 m í sikk-sakk til norðvesturs. Á 5 m svæði fyrir sunnan tóftina er þýft og hugsanlegt að þar hafi verið heystæði.

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SP-311:003** *Veturliðabæli* heimild um uppsátur

"Milli [Kotshúss ] og Stekkjar [312:013] við sjó er Veturliðabæli, sem kennt er við skipið Veturliða, er þar var settur upp.", segir í örnefnaskrá. 35-40 m vestan við 007 er Veturliðabæli. Lágir, sæsorfnir klettur eru fjöruborðinu á þessum stað. 20 m ofar og örlítið austan við þá er svo skarð í bakkann sem tekur við ofan við fjöru.

Sæsorfnir klettur og sendin fjara upp af þeim. Ofan við hana tekur við grasi gróinn bakki og er skarð í hann þar sem uppsátrið var.

"Lending er hjer og sæmileg, og gengur hjer nú eitt skip hjáleigumannsins." JÁM XI. "Af honum [Veturliða] fórust 6 menn, þegar hann var settur fram til veiða í fyrsta sinn 12. apríl 1870, og fórst hann svo með allri áhöfn, 12 manns, 29. maí 1872 út af Þorgeirfirði eða, eins og sums staðar stendur: "undan Blæjuhorni.". ", segir í örnefnaskrá. Skarðið er 4-5 m breitt neðst en mjókkar upp. Það er 12-14 m langt.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 14 og JÁM XI, 260

**SP-311:004** *Tröllarétt* tóft rétt

"Í túninu sunnan ár er hóll, sem heitir Réttarhóll...Sunnan og neðan við Tröllagil, á flöt ofan við Réttarhól, var Tröllarétt.", segir í örnefnaskrá. "Fast við enda Tröllagils að sunnanverðu, eru svo rústir af Tröllarétt, sem svo var kölluð, ofan við Réttarhól, og hefur verið skilarétt með 8 dilkum og almenningi, líklega að mestu byggð úr torfi. Fast við réttina er smátóft, sem gæti verið af stekk eða litlu fjárhúsi." HH, 143. Fast ofan við Réttarhól og göturnar 014 er girðing sem liggur yfir vestasta hluta Tröllaréttar. Réttin er um 260 m ofan við þjóðveg en 280 m sunnan við bæ 001.

Allt umhverfis réttina eru lyngivaxnir móar, nema neðan við en þar eru sléttuð en smáþýfð tún.

Réttinn er enn mjög stæðileg og mest 1 m á hæð. Hún er nær alveg hlaðin úr torfi, þó má greina grjóthleðslur í norðurvegg. Réttin er 44 m á lengd en 38 m á breidd. Hún samanstendur af 8 hólfulum og almenningi en rekið var inn í réttina í gegnum op á miðjum norðurvegg. Hólfin eru meðfram öllum hliðum nema norðurhlið. Þau eru misstór. Ofan við réttina er svæði þar sem tóftir virðast hafa verið en þær eru nú nær alveg útflattar. 13 m norðaustan við norðausturhorn réttarinnar er þó greinileg tóft 12 X 8 m að stærð, tvískipt. Frá henni gengur garðlag niður bakka að læk, samtals 30-40 m langt.

**Heimildir:**Ö-Húsavík, Bakkaland, 15 og HH, 143

**SP-311:005** *Gerðishóll*

"Norðan við túnið er Gerðishóll.", segir í örnefnaskrá. Hann var nálægt því sem gatnamót eru á veginum sem liggur samhliða þjóðvegi, austan hans.

Þar sem Gerðishóll var áður er nú malarnám.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 15

**SP-311:006** *Selmýri* örnefni sel

"...Bugás [er]...skammt frá bugðunni á Reyðará, þar sem Efrifossarnir eru...Austur af Bugás er Sjónarhóll. Af Sjónarhóli sést austur yfir Selmýrarnar, sem kallaðar eru Neðri-og Efri-Selmýri án aðgreindra marka.", segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað um sel í Selmýrunum eða í kring. Selmýrar eru tæpum 3 km ofan við þjóðveg og fast sunnan við norðurmerki.

Einu mannvistaleifarnar sem greinanlegar eru á þessum slóðum eru austan við Reyðará. Þær eru mjög óljósar og er hugsanlegt er að þar sé um löngu signar og útflattar leifar selsins að ræða en allt eins líklegt er að það séu leifar af heystæði.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 15

**SP-311:007** *Kotshús* tóftir fjárhús

"Kotsvík heitir frá [Bakka]Höfða að Reyðará. Skammt sunnan ár er Kotshús.", segir í örnefnaskrá.

"Austasta tóftin er líklega af fjárhúsum frá Tröllakoti, er nefndust Kotshús, um 9 x 8 m, tvískipt, virðist fremur nýleg. Spölkorn vestar er önnur tóft, um 8 x 5 m, óskýrari...." HH, 143. Um 150 m austan við 030 eru tóftir og 20 m austan þeirra eru aðrar tóftir. Austari tóftin er 40-50 m norðvestan við merki. Báðar tóftirnar eru fast norðan við girðingu sem girðir af fjöru.

Tóftirnar standa á grasi gróinn sléttu. Fast norðan við tekur við brattur bakki að fjöru.

"Kotshús, fjárhústættur frá Tröllakoti.", segir í örnefnaskrá. Austar er tóft sem samanstendur af tveimur samhliða hólum sem snúa norður-suður og eru samtals 15 X 11 m að stærð. Samfast hólfunum er svo þriðja hólflið til austurs. Það er 6 X 5 m að stærð og snýr austur vestur. Op er á miðjum austurvegg þess. 20 m vestan við þessa tóft er önnur, 18 X 6 m að stærð. Hún skiptist í 3 hólf, misskýr. Ekki er greinilegt hvar opið hefur verið á henni.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 13; Ö-Húsavík og Bakkaland NN, XI og HH, 143

**SP-311:008** garðlag túngarður

Túngarður lá umhverfis tún á Tröllakoti og sést hann enn víða. Garðurinn sést t.d. greinilega um 40 m norðan og neðan við bæjarhól. Garðurinn liggur umhverfis tún sem eru sléttuð en nú orðin nokkuð smáþýfð.

Garðurinn er fyrst merkjanlegur fyrir ofan útihús í túni (010 og 011) og liggur þaðan, ofan við tún til norðurs en beygir svo til vesturs niður með bæjarhól, meðfram honum norðanverðum, milli hólans og annars hól norðar. Á þessum slóðum liggur garðurinn í miklum bugðum. Þegar komið er niður fyrir nyrðri hólinn greinist túngarðurinn í tvennt. Annar hluti hans heldur áfram meðfram hólnum til norðurs en hinn liggur í sveig til vesturs og svo suðurs og endar um 30 m norðan við lítinn bárujárnskofa sem er neðst í túninu. Garðurinn er samtals um 450 m á lengd. Hann er um 1 m á hæð en 1,5 m á breidd og er hlaðinn úr torfi.

**SP-311:009** gerði kálgarður

Hlaðið gerði, líklega kálgarður er í hól sem er norðan við bæjarhólinn. Norðarlega í sama hól eru 3 kofar sem byggðir eru inn í brekkuna, líklega kartöflugeymslur. Syðsti kartöflukofinn er 35 m norðaustan við túngarðshorn 009. Suðaustast eru tvær tóftir byggðar við kálgarðinn.

Kálgarðurinn og geymslurnar eru sunnan og vestan í grasi gróinni brekku.

Kálgarðurinn er mjög óskýr, hann er um 30 X 16-18 m að stærð og snýr austur-vestur. 15 m norðan við hann eru kofarnir þrír. Fast upp við norðausturhlið kálgarðsins hefur verið byggður kofi, 6 X 5 m að stærð með opi á suðurvegg. Ofan við tóftina er þýft svæði, 5 X 5 m þar sem mannvistarleifar leynast vísast. 7 m norðaustan við horn þessa svæðis er svo enn önnur tóft, mjög ógreinileg. Svo virðist sem tóftin hafi verið um 7 X 5 m að stærð og op hafi líklega verið á austurhlið.

**SP-311:010** tóft útihús

10 m suðvestan við bæjartóftirnar (001) er einföld útihústóft á bæjarhólnum. Tóftin er norðarlega á grösugum hólrana. Umhverfis eru sléttuð tún sem nú eru smáþýfð.

Alveg hrunin tóft. Hún er einföld og er op norðarlega á austurvegg hennar. Tóftin er 7 X 5-6 m að stærð. Grjóthleðslu má greina í suðurvegg hennar innanverðum. Norðan við tóftina er 4 X 5 m svæði þar sem þýft er og hugsanlegt að þar hafi verið heystæði.

**SP-311:011** tóft fjárhús

40 m suðaustan við bæinn (001) og 40-50 m suðsuðaustan við 010 er fjárhústóft á sama hólrana og bærinn. Tóftin er innan við 10 m neðan við túngarð. Tóftin er á grösugum hólrana. Umhverfis eru sléttuð tún sem nú eru smáþýfð.

Tvískipt fjárhús, 16 X 6-7 m að stærð. Vestar er sjálft fjárhúsið, með garða í miðju, austar er annað hólf, líklega hlaðan. Þetta síðarnefnda hólf virðist hafa verið niðurgrafið, hæð innan frá er 0,8-0,9 m.

**SP-311:012** tóft útihús

45 m sunnan við 011, 10 m norðaustan við bæjarlækinn og 15 m suðvestan við suðurenda túngarðs (008) er einföld útihústóft. Tóftin er fast sunnan í suðurenda bæjarhólans. Tóftin er sunnan í hól sem hefur verið sléttuð. Umhverfis eru sléttuð, en smáþýfð tún.

Tóftin er einföld, 8,5 X 4 m að stærð. Op er austarlega á suðurvegg.

**SP-311:013** gerði

8 m austan við 011 og fast sunnan við suðurenda túngarðs 008 er gerði. Gerðið er á grasi gróinni hæð. Ofan við (5 m ofar) eru lyngivaxnir móar en annars eru sléttuð tún umhverfis. Gerðið er 13 X 13 m að stærð. Það er sigið og gróið og veggir eru nær alveg hlaupnir í þúfur.

**SP-311:014** gata leið

"Gamlar reiðgötur liggja framhjá réttinni, og ofanvert við við bæjarhólinn í Tröllakoti. " HH, 143. Fast neðan við réttina (004) sjást hvar götur hafa legið norður-suður um hlíðina í átt að Tröllakoti 001. Réttarhóllinn var sléttaður en ofan við hann tekur við lyngivaxin hlíð.

**Heimildir:**HH, 143

**SP-311:015** tóft

Um 140 m ofan við þjóðveg er hringlaga tóft, fast sunnan við neðsta hluta Réttarhóls 004. Tóftin er 130-140 suðvestan við réttina en 230 m suðsuðaustan við bæ 001. Tóftin er fast sunnan við girðingu sem liggur austur-vestur.

Tóftin er hringlaga og 12 m í þvermál að utanmáli en ekki nema 6 m í þvermál að innanverðu. Ekkert op er greinilegt en veggir eru hrundir og grónir.

**SP-311:016** tóft útihús

Um 30 m suðaustan við norðvesturhorn túngarðs 008 er tóft fast við garðinn. Túngarður liggur um sléttuð tún umhverfis bæjarhólinn.

Tóftin er 8 X 5 m að stærð, einföld og ekki er greinanlegt op á henni.

## **SP-312 Bakki**

1712: Jarðardýrleiki 20 hdr. Eign Hólastóls. JÁM XI, 258. Snemma á 19. öld komst hann í sameign með Héðinshöfða. LP I, 369. Húsavíkurhreppur keypti Bakka, 2. júlí 1915. SH I, 82.

1919: Tún 4,5 ha. þar af sléttuð um 1/2. "Útígangur góður bæði í f-<jö>runni og á landi og bregst sjaldan í meðalárum...Torfrista og stúnga næg. Mósukurður hefur að fornu verið, finst nú enginn nýtilegur, þó til sje reynt...Engjar öngvar. Úthagarnir eru mjög litlir, og nýtur ábúandi góðvilja nábúa sinna..."JÁM XI, 258. "Á Bakka búnaðist mörgum fremur vel. Þar mun hafa miklu valdið sjávargagn og létt fóðrun sauðfjár. Sjór var jafnan mikið stundaður frá Bakka, ekki aðeins fiskveiðar, heldur líka hákarlaveiðar og selveiðar."SH I, 204.

**SP-312:001** *Bakki* bæjarhóll bústaður

"Bærinn Bakki stendur ofarlega í túni skammt norður við ána.", segir í örnefnaskrá. "Bærinn á Bakka stendur að austanverðu við vík eina litla, sem gengur sunnan í [Bakka]höfðann og nefnd er Bakkakrókur."LP I. Bakkabærinn var um 300 m neðan við þjóðveg. Hann var fast norðan við vegarslóða sem liggur frá þjóðvegi, að Bakka og áfram niður og síðan út höfðann. Bærinn var fast norðan við þar sem hlið er á girðingu og slóðinn fer í gegn. Hann er 30-40 m norðan við Bakkaá. Einu ummerkin sem nú sjást um bæinn er hæðin þar sem hann hefur staðið.

Dældótt hæð í sléttuðu túni. Bærinn var rifinn á síðasta áratug 20. aldar.

Hæðin sem bærinn stóð á er um 30 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. "Lækurinn rann svo munað er þvert í gegnum gang, sem lá milli fjóss og bæjar á Bakka. Var neyzluvatn í bæ og fjós tekið við tilbúinn bunufoss í ganginum [sjá einnig áveitu, 021].", segir í örnefnaskrá. "Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833. Í búskapartíð hans voru mikil selveiðiár, og komst hann brátt í góð efni. Bærinn byggði hann allan upp og vandaði mjög að viðum. Einnig byggði hann upp öll útihús og lét reisa ný." SH I.

**Heimildir:**Túnakort 1919; Ö-Húsavík og Bakkaland, 13; SH I, 204; LP I, 369

**SP-312:002** heimild um skemmu

Um 20 m sunnan við 001 er merkt útihús inn á túnkort frá 1919. Þetta var skemma sem stóð nálægt bakka Bakkaár. Skemman stóð þar sem nú er grasi vaxin flöt milli bíslóða og lækjar.

"Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833... byggði hann upp öll útihús og lét reisa ný. Geymsluhús lét hann öll súða með óflettum borðum. Voru það tvær skemmur [023 og 024] niðri á vellinum og tvær heima [sjá einnig 026]."

**Heimildir:**SH I, 204 og túnakort 1919

**SP-312:003** *Gerðishús* heimild um fjárhús

"Fjárhús stóðu í [Bakka]túni, Gerðishús í norður frá bæ....", segir í örnefnaskrá. Um 140 m utan við bæ (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Húsin voru á Gerðishól og voru kölluð Gerðishús. Hæð í sléttuðu túni.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 14 og túnakort 1919

**SP-312:004** heimild um útihús

Rúmum 90 m neðan (suð) vestan við bæ og aðeins sunnar var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Nú eru sléttuð tún á þessum stað. Þar er lág hæð í túni.

"Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833... byggði hann upp öll útihús og lét reisa ný."SH I

**Heimildir:**Túnakort 1919; SH I, 204

**SP-312:005** heimild um útihús

Um 160 m sunnan og neðan við bæ 001 var áður úthús samkvæmt túnakorti frá 1919. Þar sem húsin hafa staðið er hæð í sléttuðu túni og á henni er dæld þar sem síðustu útihúsin hafa verið.

"Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833... byggði hann upp öll útihús og lét reisa ný."SH I. Dæld er þar sem síðustu útihúsin á hólnum hafa staðið. Dældin er um 26 m á lengd en 6 m á breidd.

**Heimildir:**Túnakort 1919; SH I, 204

**SP-312:006** *Bakkahús* heimild um útihús

"Frá Forvaða [SP-313:095] að Bakkaá, sem kemur ofan úr Bakkaseldal norðan við Húsavíkurfjall, heitir Bakkafjara. Bakkalending [007] er sunnan við ána." "Þar stóð á torfu í fjörunni Sjóbúð [008], er tók af í briminu 1934. Hjallur var upp af Sjóbúðinni, og uppi í túni var Bakkhús og Bakkhúsvöllur.", segir í örnefnaskrá. 90 m utan og neðan við 005 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Þetta hús var samkvæmt Jóhanni Hermannssyni nefnt Bakkahús. Ekki sjást lengur merki hússins en það hefur verið fast suðaustan við 011 þar sem nú er skýli fyrir kindur.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 13 og túnakort 1919

**SP-312:007** *Bakkalending* heimild um lendingu

"Frá Forvaða [SP-313:095] að Bakkaá, sem kemur ofan úr Bakkaseldal norðan við Húsavíkurfjall, heitir Bakkafjara. Bakkalending er sunnan við ána.", segir í örnefnaskrá. Bakkalending var rétt sunnan við þar sem Bakkaá rennur til sjávar. Smágrýtt fjara er þar sem lendingin var en engin merki sjást um hvar hún hefur verið.

"Heimræði er hjer, lending sáemileg og skipsuppsátur gott, en leiðin óhrein og skerjótt. Eitt skip ábúandans gengur hjer nú."JÁM XI

**Heimildir:**JÁM XI, 258; Ö-Húsavík og Bakkaland, 13

**SP-312:008** *Sjóbúð* heimild um sjóbúð

"Frá Forvaða [SP-313:095] að Bakkaá, sem kemur ofan úr Bakkaseldal norðan við Húsavíkurfjall, heitir Bakkafjara. Bakkalending [007] er sunnan við ána. Þar stóð á torfu í fjörunni Sjóbúð, er tók af í briminu 1934.", segir í örnefnaskrá. Sjóbúðin var beint niður af hjallinum 009 sem enn sjást leifar af. Engar leifar sjást um sjóbúðina. Smágrýtt fjara, 40-50 m sunnan við þar sem Bakkaá rennur til sjávar.

"...og eru tættarnar þar enn [ekki víst hvaða ár þetta er ritað, líklega um 1950]", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. "Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833...Sjóbúð byggði hann niðri í fjörunni og hjall."SH I

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 13; Ö-Húsavík og Bakkaland ath. og viðb., 7; SH I, 204

**SP-312:009** tóft hjallur

"Frá Forvaða [SP-313:095] að Bakkaá, sem kemur ofan úr Bakkaseldal norðan við Húsavíkurfjall, heitir Bakkafjara. Bakkalending [007] er sunnan við ána. Þar stóð á torfu í fjörunni Sjóbúð [008], er tók af í briminu 1934. Hjallur var upp af Sjóbúðinni...", segir í örnefnaskrá. Bakkaá rennur í beygju til norðurs rétt

áður en hún rennur til sjávar. Hjallurinn er fast ofan við fjöruna, 30-40 m sunnan við ána. Tóftir sjást enn eftir hjallinn. Þær eru á grasflöt sem er fast ofan við fjöru en neðan við grösuga brekku.

"Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833...Sjóbúð byggði hann niðri í fjörunni og hjall."SH I Tóftin er ferhyrnd, 23 X 8 m að stærð. Vestur- og norðurveggir er sæmilega skýrir en suðurveggur er óskýr. Austurhlíð er mynduð af brekkunni.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 13; SH I; 204

**SP-312:010** frásögn fjós

10-20 m norðan við bæ 001 og örlítið austar var fjós og hlaða samkvæmt Jóhanni Hermannssyni. Sléttað tún er nú á þessum stað og engin ummerki sjást eftir fjósið.

**SP-312:011** *Kirkjugarður* gerði

"Austan við bugðu á [Bakka]ánni er gamall Kirkjugarður.", segir í örnefnaskrá. "Kirkjugarður, neðst í Bakkatúni.", segir í örnefnaskrá NN. Enn sjást nokkrar leifar um garðinn, um 500 m neðan við þjóðveg en 200 m frá bæ. Garðurinn er á grasi vaxinni brún, neðar tekur við grösug dæld sem Bakkaá rennur eftir til sjávar. Umhverfis eru annars sléttuð tún.

"Mótar þar fyrir 30 leiðum, og snýr aðeins eitt austur og vestur.", segir í örnefnaskrá. Garðurinn snýr austur-

vestur og er ferningslaga ef frá er talið útskot sem liggur frá suðurhlíð hans. Hann er um 13 m á breidd en 30 m á lengd. Meintar grafir liggja alveg meðfram norðurhlíð hans en eru ógreinilegri annars staðar. Skrásetjari greindi um 25 slíkar "grafir" en nokkrar þeirra voru fremur óljósar og ljóst að fleiri voru í garðinum en orðnar ógreinilegar. Að innanmáli var garðurinn um 28 X 10 m. Suðaustast í garðinum er "gröf" sem snýr austur-

vestur en aðrar slíkar þústir snúa norður-suður. Leifar garðsins sjálfs eru víðast um 0,3 m á hæð en 1,5 m á breidd. Nú eru kindur á beit í hólfinu þar sem garðurinn er og hefur verið byggt skýli alveg við garðinn. Er hann rofinn sunnarlega, líklega sökum þessara framkvæmda. Í bréfi frá Guðmundi Ólafssyni fornleifafraeðingi segir: "Ég kom að svonefndum kirkjugarði á Bakka þann 3. júní árið 2000. Ég teiknaði upp lauslega skissu af staðnum og skoðaði þar jarðlagaskipan í rofabarði sem var í suðausturhorni garðhleðslunnar. Mér sýndist að þar væri a-lagið í torfhleðslu og taldi því að garðurinn gæti vart verið eldri en frá síðari hluta 15. aldar. Ég dreg mjög í efa að þetta sé kirkjugarður, enda snúa "leiðin" í N-S."

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 13; Ö-Húsavík og Bakkaland NN, XI

**SP-312:012** *Arnarbæli*

"Fram af [Bakka]Höfðanum, sem er rúmlega 20 m hár, eru Bakkasker. Þar sem hæst ber á Höfðanum, heitir Arnarbæli. Þar eru tættur", segir í örnefnaskrá. Arnarbæli var austan í háhöfðanum, 880 m norðaustan við bæ 001 og 1,1 km neðan við þjóðveg.

Höfðinn er grösugur en nokkrir klettatoppar standa upp úr honum.

"Þaðan er mikið víðsýni. Gömul sögn hermir, að þar hafi sekur maður, sem Örn nefndist, gjört sér vígi."LP I. Austan í Arnarbælinu er steinadreif sem virðist benda til þess að þar hafi eitthvert mannvirki verið.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 13; LP I

**SP-312:013** *Stekkur* tóftir stekkur

"Norðan við [Bakka]Höfðann er Stekkur og Stekkjarhóll...", segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftirnar eru við Stekkjarhól sem er ofan við Kotsvík. Þær eru 900 m norðnorðvestan við bæ en 800-900 m neðan við þjóðveg.

Tóftirnar eru á grasi grónu svæði ofan við fjöru. Þær eru í aflíðandi brekku mót austri. Norðan við er fjaran en sunnar tekur við mýrlendi.

Vestast er einföld tóft (A) 7 X 6 m að stærð. Veggir hennar eru alveg grónir og signir og ekki er hægt að greina hvar op hefur verið. Svo virðist sem óljóst garðlag gangi í boga til austurs frá henni og síðar til norðurs fram á brúnina. Garðlagið er um 30 m langt en nokkuð óljóst. 5 m neðan við (A) er önnur tóft (B) sem er niðurgrafin. Hún er 19 X 12 m að stærð, snýr austur-vestur og er tvískipt. Hún er nær alveg niðurgrafin, engir ytri veggir eru greinilegir nema vesturveggur en þar sjást grjóthleðslur. Fast sunnan við vesturhluta tóftarinnar er þriðja tóftin (C) sem er mjög óljós. Hún er um 13 X 6 m að stærð og snýr norður-suður. 20 m austan við (C) er fjórða og síðasta tóftin. Hún er einnig tvískipt, 17 X 9 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á miðjum norðurvegg hennar og einnig sunnarlega á austurvegg. Frá suðvesturhorni

tóftarinnar liggur mikið garðlag til suðvesturs, yfir veginn og eftir Bakkamýrum. Það er samtals um 1 km á lengd en 2 m á breidd.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 13

**SP-312:014** *Bakkasel* heimild um sel

"...upp með Bakkagili...Í gílinu við efri jaðar Flatamós er Bakkárfoss. Nú held ég upp Vallmóinn ytri og þangað, sem lækurinn beygir í Bakkaseldal...Bakkaseldalurinn byrjar norður af Fjallshólum og brekkar upp með Jórunnarhæð og liggur í suðaustur með Húsavíkurfjalli. Í austur frá Fjallshólum er smálægð í Bakkaseldal, þar má sjá merki eftir athafnir manna, og heitir þar Bakkasel.", segir í örnefnaskrá. Bakkasel var ofarlega í Bakkaseldal sunnanverðum. Það er um 3 km ofan við Þjóðveg, norðan við Húsavíkurfjall. Engin seltóft er á þessum slóðum samkvæmt heimildamanni.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 16

**SP-312:015** náma mógrafir

Innan við 100 m sunnan við norðurmerki og 200 m austan við sjávarbakkann eru svarðargrafir sín hvoru megin við vegarslóða sem liggur um höfðann en endar til norðurs þarna. Grafirnar eru um 1 km norðan við bæ.

Deiglendi. Greina má grónar svarðargrafir í því.

Austan við veg eru grafir, 30-35 X 15 m að stærð og vestan vegar eru grafirnar svipaðar að stærð. Dýpt er 0,8 m.

**SP-312:016** garðlag túngarður

Rétt utan við 003 er greinilegt garðlag, líklega túngarður. Það er 150-170 m utan við bæ 001 og liggur upp sléttuð tún, að endimörkum þess. Sunnan við túngarðinn eru sléttuð tún en norðan hans er mó- og mýrlendi. Garðinn má greina á 25 m kafla austur-vestur en þar virðist hann þó aðallega vera uppmokstur úr mýrinni ofar. Síðar má greina hvar hinn eiginlegi garður hefst og liggur hann austur-vestur upp túnið. Hann er rúmlega 1 m á breidd en 0,8 m á breidd, torfhlaðinn. Garðurinn er um 112 m en endar 50 m neðan við veg sem liggur skammt neðan Þjóðveg, samhliða honum. Samtals má því segja að garðurinn sé tæplega 140 m.

**SP-312:017** *Jónshús* heimild um fjárhús

"Fjárhús stóðu í [Bakka]túni, Gerðishús [003] í norður frá bæ og Jónshús í austur frá Gerðishúsum, austur undir Torfmýri [018].", segir í örnefnaskrá. Jónshús voru 70-80 m ofan og utan við bæ 001, á hól sem enn er greinilegur í sléttuðu túninu. Hóllinn er fast neðan við girðingu sem girðir af tún og veg sem liggur samsíða Þjóðvegi ofan girðingar. Hóllinn er um 50 m norðan við vegaslóða sem liggur niður að Bakka og Bakkahöfða.

Grasi vaxinn, sléttuð hól, engin ummerki eru lengur sjáanleg um húsið.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 14

**SP-312:018** *Torfmyri* heimild um ristu

"Fjárhús stóðu í [Bakka]túni, Gerðishús [003] í norður frá bæ og Jónshús [017] í austur frá Gerðishúsum, austur undir Torfmýri... Næst Bakka neðan vegar er Torfmýrin.", segir í örnefnaskrá. Torfmýrin tekur við norðan Gerðishóls 003. Deiglendi neðan við vegslóða sem liggur samsíða Þjóðvegi. Nokkrir smálækir renna um svæðið en ekki eru greinileg merki um torfristu.

"Torfrista og stúnga næg." JÁM XI. "Þar var heytorfið rist.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 14; JÁM XI, 258

**SP-312:019** heimild um fjárhús

"Bakkagróf liggur upp úr Bakkakrók rétt norðan við fjárhús, er enn sjást, en sunnan við Svörð eða Svarðargrafir [020], mýrlendi norðan og vestan við Bakkatún.", segir í örnefnaskrá. Jóhann Hermannsson man eftir fjárhúsum á þessum stað. Þau voru á brún 30-40 m norðan við Bakkaá. Húsin eru um 70 m neðan við vegslóða sem liggur að Bakka og Bakkahöfða. Þar sem fjárhúsið var eru nú sléttuð tún.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 14

**SP-312:020** Svörður heimild um mógrafir

"Bakkagróf liggur upp úr Bakkakrók rétt norðan við fjárhús [019], er enn sjást, en sunnan við Svörð eða Svarðargrafir, mýrlendi norðan og vestan við Bakkatún.", segir í örnefnaskrá. Svarðargrafirnar eru enn mjög greinilegar um 520 m norðaustan við bæ 001. Þær eru merkjanlegar neðan (vestan) við vegslóða sem liggur niður að Bakka og Bakkahöfða. Grafirnar eru flennistórar og ná frá því svæði þar sem vegurinn beygir til norðurs og að vegaslóða sem liggur frá veginum að Bakkahöfða. Deiglent svæði og má sjá móta fyrir grónum gröfum.

Svarðargrafirnar hefjast nokkru neðan við veg (40 m) þær eru 0,8 m á dýpt en rakar en vel grónar. Svæðið í heild sinni er um 100 X 150 m.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 14

**SP-312:021** garðlag áveita

"Norðan við Svörð [020] er Langholt eða Svarðarholt. Um holtið liggur vegur frá Bakka út að fjöru. Er Bakkamýrin austan holtsins. Stór hluti af vestanverðri mýrinni var votlendur mjög, og auk þess var áður fyrr veitt á mýrina vatni á vorin úr Bakkalæknum. Vatninu var veitt í drag uppi í hallinu, er heitir Grafningur.", segir í örnefnaskrá. Mikil garðlög, sem mynda stórfellt áveitukerfi, eru greinileg í Bakkamýri. Garðlögin eru enn greinileg og liggja um Bakkamýrar. Garðlag sést fast ofan við veginn sem liggur að Bakka og Bakkahöfða og liggur það austur-vestur í mýrinni langleiðina upp að þjóðvegi. Þetta garðlag skiptir mýrinni í Ytri- og Syðri-Flæður. Garðlögin liggja um mýrarsvæði.

"Kringum mýrina var á þrjá vegu hlaðinn allmikill aðhaldsgarður með afhleypubúnaði, og þvergarður skipti mýrinni í tvennt, og nefndust hólfin Syðri- og Ytriflæður. Svo virðist sem Bakkalækurinn hafi verið tekinn út úr Bakka í Bakkaseldal fyrir langa löngu. Lækurinn rann svo munað er þvert í gegnum gang, sem lá milli fjóss og bæjar á Bakka [001]. Var neyzluvatn í bæ og fjós tekið við tilbúin bunufoss í ganginum.", segir í örnefnaskrá. Um er að ræða kerfi áveitugarða sem bæði norður-suður og austur-vestur í mýrinni. Samtals kom skrásetjari auga á 7-8 garðspotta, flesta tengda hverjum öðrum og nokkrar skurði, m.a. langan skurð sem liggur til SV að sjó hjá Bakkagróf. Garðarnir eru flestir innan við 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Þeir ná samtals yfir svæði sem er 500 X 270 m stórt. Við skráningu fundust 2 heystæði í mýrunum en fastlega má búast við að hey hafi verið sett upp á flestum þeirra holta sem standa upp úr mýrinni. Eitt þessara heystæða (A) er á lágu, þýfðu og grösugu holti í mýrinni. Það er á milli tveggja áveitugarða sem liggja til NNA. Heystæðið er 10 m neðan við efri áveitugarðinn en 40 m ofan við þann neðri. Það er UM 670 m norðan við bæ (001). Heystæðið er 4-5 X 2 m og snýr NNA-SSV. Annað heystæði (B) er um 360 m SSA við (A). Það er sunnan í lyngivöxnu holti, um 400 m norðan við bæ (001). Heystæðið er 4 X 3 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr NNV-SSV.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 14

**SP-312:022** Svarðgrafir heimild um mógrafir

"Vestan við Ytriflæði...er Stakholt. Þar norðan við er Kotsgróf, er gengur í bug á Reyðará, þar sem hún beygir í sjó. Snædalsstykki er milli grófarinnar og Reyðarár og nær austur undir Stóra-Dýjareit. Næst vegi eru Svarðgrafir.", segir í örnefnaskrá. Svarðargrafir eru fast norðan við norðurmerki og neðan við þjóðveg. Deiglent svæði og má sjá móta fyrir grónum gröfum víða.

Samtals er svæðið um 150 X 200 m.

**Heimildir:**Ö-Húsavík og Bakkaland, 14; JÁM XI, 258

**SP-312:023** heimild um skemmu

Skemma var niðri á vellinum í Bakka. Völlur er kallaður túnskiki þar sem 005 og 006 stóðu. Ekki man Jóhann Hermannsson eftir skemmu á þessum slóðum. Nákvæm staðsetning skemmunnar er ekki kunn. Sléttuð tún.

"Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833... byggði hann upp öll útihús og lét reisa ný. Geymsluhús lét hann öll súða með óflettum borðum. Voru það tvær skemmur [sjá einnig 024] niðri á vellinum og tvær heima [025 og 026]."SH I

**Heimildir:**SH I, 204

**SP-312:024** heimild um skemmu

Skemma var niðri á vellinum í Bakka. Völlur er kallaður túnskiki þar sem 005 og 006 stóðu. Ekki man Jóhann Hermannsson eftir skemmu á þessum slóðum. Nákvæm staðsetning skemmunnar er ekki kunn.

Sléttuð tún.

"Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833... byggði hann upp öll útihús og lét reisa ný. Geymsluhús lét hann öll súða með óflettum borðum. Voru það tvær skemmur [sjá einnig 023] niðri á vellinum og tvær heima [025 og 026]."SH I.

**Heimildir:**SH I, 204

**SP-312:025** tóft fjárhús

Um 10 m sunnan við Bakká og 190 m austan við bæ 001 eru leifar af fjárhúsi. Fjárhústóftin er 80 m suðsuðaustan við 006. Það er 50 m austan við brún bakkans og 200 m norðaustan við garðlagið 028. Tóftin er í sléttuðu túni.

Tóftin er 10 X 9 m að stærð og er mjög gróin. Op virðist sunnan í tóftinni en þar eru miklar timburleifar. Norðan við tóftina er dæld þar sem hugsanlegt er að heystæði hafi verið. Svæðið er 10 X 4 m að stærð.

**SP-312:026** heimild um skemmu

Skemma sem var heima við bæ í Bakka. Jóhann Hermannsson man einungis eftir einni skemmu nálægt bænum.

Sléttuð tún í námunda við bæinn.

"Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833... byggði hann upp öll útihús og lét reisa ný. Geymsluhús lét hann öll súða með óflettum borðum. Voru það tvær skemmur [023 og 024] niðri á vellinum og tvær heima [sjá einnig 002]."SH I.

**Heimildir:**SH I, 204

**SP-312:027** heimild um hjall

"Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833...Annar hjall byggði hann heima á túninu út og niður frá bænum. Í þessum hjalli var loft. Geymdi Björn þar á loftinu brennivínsbauka sína og aðrar þær vörur, er hann hafði einn undir höndum. Sögðu kunnugir að líkast væri krambúð að koma í hjallloft Björns bónda."SH I. Ekki er nákvæm staðsetning hjallsins þekkt. Sléttuð tún.

Ekki er nákvæmlega vitað hvar hjallur Björns stóð en þó er vitað að hann var í túninu neðan og utan við bæ.

**Heimildir:**SH I, 204

**SP-312:028** garðlag

Garðlag: "...sunnan við Bakkaána, suður að gömlum garði, sem þá var."SH I. Garður þessi lá áður frá bakkabrúninni við sjávarmálið og upp hlíðina. Hann hefur nú verið eyðilagður á löngum kafla en er fyrst merkjanlegur ofan við suðurjaðar túna. Norðan við garðlagið eru tún en sunnan við það móar.

"Sigurður S. Bjarklind var mjög hneigður fyrir búsýslu og unni fjárrækt. Hann fékk svo með erfðafesturbréfi 10. desember 1924 svonefndan Bakkhúsvöll á Bakka til umráða. [...] Ennfremur fékk hann til umráða óræktað land, sunnan við Bakkaána, suður að gömlum garði og uppundir þjóðveginn, sem þá var."SH I. Garðurinn er mjög skýr þar sem hann sést. Hann er um 1,3 m á hæð en 1,5 m á breidd. Hann er greinanlegur á 75 m kafla þar sem hann endar til austurs liggur annað garðlag minna til norðurs í 15 m. Þetta garðlag er 0,3 m á hæð en 1 m á breidd.

**Heimildir:**SH I, 211

**SP-312:029** tóft útihús

"...loks er þriðja tóftin um 100 m vestar (en 311:007), ca. 4 x 9 m." HH, 143. Um 80 m norðaustan við norðausturhorn nyrstu stekkjartóftarinnar (013) er útihústóft. Hún er 5 m norðan við girðingu sem liggur samsíða fjöru. Tóftin er um 950 m norðnorðaustan við bæ (001). Tóftin er fremst á bakka, norðan við tekur við brött brekka niður að fjöru en sunnar sléttuð tún.

Tóftin er ferhyrnd, einföld og með opi nyrst á vesturvegg. Hún er 0,3 m á hæð en 11 X 6 m að stærð. Þarna byggði faðir Jóhanns Hermannsson útihús en lauk aldrei við það.

**Heimildir:**HH 143

**SP-312:030** tóft fjárhús

Fjárhús var í brúninni milli Forvaðafjárhúsa (313:095) og 025. Húsið er um 320 m norðaustan við 313:095 m 280 m suðvestan við 025. Fjárhúsið er í sléttu túni. Það er alveg í bakkabrúninni en vestan við vesturvegg þess tekur við snarbrött brekka að sjávarmáli.



Fjánhúsið er niðurgrafið þannig að engir útveggir eru greinilegir. Húsið er 7 X 9 m að innanmáli og verið getur að garði hafi gengið eftir því miðju. Op virðist hafa verið á því til norðvesturs og veggjarspotti hlaðinn fyrir vesturop.

**SP-312:031** gata leið

Norðan við Forvaðafjánhús 313:095 eru tvö stór skörð í bakkann en neðar er þverhnipt brekka niður í fjöru. Fast norðan við nyrðra skarðið, tæpum 100 m norðaustan við 313:095 má greina nokkra samhliða slóða sem liggja til NNV.

Mói. Þar vex lyng og lágt gras.

Líklega hafa slóðarnir verið gömul leið. Ekki er hægt að rekja hana samfleytt á löngum kafla en leiðin hefur sjálfsagt legið að Bakka.

**SP-312:032** þúst útihús

Í Bakkatúni, 10-20 m norðan við útihús 005 er fagurgrænn hóll í túni. Ekki er nú hægt að greina tóftir á hólnum en hann er mjög ræktarlegur og allt útlit hans bendir til að þar hafi áður verið hús. Hóllinn er 25-35 m sunnan við vegarslóða sem liggur á Bakkahöfða.

Sléttað tún sem nú er komið í órækt.

**SP-312:033** garðlag

Garðlag, fornlegra og signara en garðlögin í áveitukerfinu sem liggur um Bakkamýrar (021), er greinilegt frá garðlaginu sem liggur frá stekknun (013) og til austurs. Garðlagið er fyrst greinilegt frá umræddu garðlagi (013) og svo virðist sem garðlögin tvö hafi komið saman í námunda við þar sem vegurinn er nú. Garðlagið liggur síðan áfram til austurs á lágu holti. Rúmlega 200 m ofar tekur við mýri og hverfur garðlagið þá næstum alveg á um 250 m kafla. Það verður svo aftur greinilegt efst í mýrinni þar sem aftur taka við holt. Þar liggur garðurinn í tæpa 200 m þar til um 30 m austan við þjóðveg. Garðurinn er svo aftur merkjanlegur 30-40 m ofan við þjóðveg en 8 m austan við slóða sem liggur samsíða þjóðvegi ofan hans. Þar liggur garðlagið í 15 m áður en 10 m skarð kemur í það. Hann liggur svo áfram í um 60 m til norðausturs upp á mel áður en hann hverfur alveg.

Garðurinn er samtals um 900 m langur og liggur austur-vestur. Hann er víða mjög breiður, allt að 5 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Garðuin er mun fornlegri en flest þau garðlög sem liggja um mýrina og virðist ekki vera hluti af áveitumannvirkjum. Austasti hluti garðlagsins er í landi Tröllakots. Ekki er vitað hvaða hlutverki garðurinn hefur gegnt.

**SP-312:034** náma mógrafir

Greinilegar, stórar mógrafir eru ofarlega í Bakkamýrum. Grafirnar eru tæpum 500 m NNA við bæ (001) og tæpum 300 m neðan við þjóðveg.

Grafirnar eru um 50 m á lengd en 25 m á breidd. Þær eru grónar en greinilegar.